

Velferðarsvið Kópavogs

ÁRSSKÝRSLA
2020



ÚTGEFANDI: VELFERÐARSVIÐ KÓPAVOGSBÆJAR
ÁBYRGÐARMAÐUR: AÐALSTEINN SIGFÚSSON
UMSJÓN: SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR
UPPSETNING OG PRENTUN: SAMSKIPTI / www.samskipti.is

EFNISYFIRLIT



RÁÐ OG NEFNDIR	BLS. 4
SKIPURIT VELFERÐARSVIÐS	BLS. 5
ÁVARP SVIÐSSTJÓRA	BLS. 7
SKIPTING FJÁRMAGNS	BLS. 12
RÁÐGJAFAR- OG ÍBÚÐAÐEILD	BLS. 13
BARNAVERND	BLS. 23
ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD FATLAÐRA	BLS. 35
ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD ALDRAÐRA	BLS. 47
ALMENN SKRIFSTOFA	BLS. 61

RÁÐ OG NEFNDIR

BARNAVERNDARNEFND

FORMAÐUR NEFNDAR

SIGURBJÖRG VILMUNDARDÓTTIR

AÐALMENN

FRÍÐRIK SIGURÐSSON

MATTHÍAS BJÖRNSSON

STEINI ÞORVALDSSON

RAGNAR GUÐMUNDSSON

UNNUR BERGLIND FRÍÐRIKSDÓTTIR, VARAFORMAÐUR

VARAMENN

GUÐRÚN VIGGÓSDÓTTIR

JÓHANNA HEIÐDAL

MAGNÚS NORÐDAHL

SIGVALDI EGILL LÁRUSSON

ÞÓRÓLFUR HEIÐAR ÞORSTEINSSON

VELFERÐARRÁÐ

FORMAÐUR NEFNDAR

KAREN E. HALLDÓRSDÓTTIR

AÐALMENN

ANDRÉS PÉTURSSON

BALDUR ÞÓR BALDVINSSON

BJÖRG BALDURSDÓTTIR, VARAFORMAÐUR

DONATA H. BUKOWSKA

HALLA KARÍ HJALTESTED

SIGURBJÖRG ERLA EGILSDÓTTIR, ÁHEYRNARFULLTRÚI

SIGURLAUG KRISTÍN SÆVARSDÓTTIR

VARAMENN

GUÐRÚN VIGGÓSDÓTTIR

HELGA MARÍA HALLGRÍMSDÓTTIR

JÓN FINNBOGASON

JÓN MAGNÚS GUÐJÓNSSON

MARGRÉT FRÍÐRIKSDÓTTIR


PÉTUR HRAFN SIGURÐSSON

THEODÓRA S. ÞORSTEINSDÓTTIR

EINAR ÖRN ÞORVARÐARSON

VIGDÍS ÁSGEIRSDÓTTIR, VARAÁHEYRNARFULLTRÚI

SKIPURIT VELFERÐARSVIÐS





Ein af grunnstoðum samfélags okkar er velferðarþjónusta sem skal standa vörð um lífsgæði íbúa og skapa það öryggi sem meðal annars aldraðir, börn og fatlaðir eiga rétt á að búa við. En til að svo sé þarf stöðugt að vera á varðbergi og huga að hvar skóinn krepur hvað þjónustu og aðbúnað varðar. Það er hlutverk velferðarsviðs að gæta að þessu og veita þá aðstoð sem á þarf að halda hverju sinni. En þetta ár var sérstakt af völdum Covid-19. Segja má að þessi heimsfaraldur hafi haft áhrif á alla starfsemi sviðsins með einum eða öðrum hætti. Til að bregðast við og tryggja samræmd og skilvirk vinnubrögð í breyttum og krefjandi aðstæðum var stofnað til neyðarteymis velferðarsviðs sem tók helstu ákvarðanir um viðbrögð og var sérstökum öryggisfulltrúa falið að innleiða leiðbeiningar og koma ákvörðunum í framkvæmd. Allt skipulag varnaraðgerða var til sóma og á starfsfólki stofnunarinnar heiður skilið fyrir fagleg vinnubrögð og sveigjanlegt viðmót í þessum sérstöku aðstæðum.

Enginn vafi leikur á að faraldurinn hefur valdið miklum fjárhagslegum, félagslegum og sálrænum erfiðleikum sem ekki síst hefur komið fram í fjölda mála hjá Barnavernd. Tilkynningum til Barnaverndar um ofbeldi fjölgaði úr 350 á sl. ári í 524, þar af fjölgaði tilkynningum um heimilisofbeldi úr 140 í 216 og kynferðislegu ofbeldi úr 42 í 71. Þá fóru heildartilkynningar til Barnaverndar úr 1.000 í 1.222 vegna 699 barna. Þessi aukning vekur ugg og bregðast þarf við með þeim hætti að gagn sé af. Því bíða ærin verkefni, ekki síst innan Barnaverndar með fulltingi velferðarráðs, enda óumdeilt að sveitarfélögum ber skylda til að grípa til allra þeirra ráða sem tiltæk eru til að sporna við þessari óheillapróun sem til dæmis ofbeldi gegn börnum er og ólíklegt er að tíðnitölur breytist einungis við það að Covid-19 ljúki.

Á vegum félagsmálaráðuneytisins hefur á undanförunum tveimur árum verið unnið að félagslegri umgjörð um málefni barna og samþættingu þjónustu við þau og liggur nú hjá Alþingi frumvarp til laga um farsæld barna. Hér er um afar mikilvægt málefni að ræða og ráðuneytinu


til sóma. Til þess að koma til móts við þessar áherslur ráðuneytisins var á árinu stofnað til stöðugildis verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfellu í þjónustu. Með þessu vill bæjarfélagið ekki aðeins vera þátttakandi í þessari vinnu ráðuneytisins heldur einnig leggja sérstaka áherslu á samstarf bæði milli sviða stjórnáslunnar og stofnana í bænum sem eiga aðkomu að málefnum barna. Markmiðið er að auka til muna fyrirbyggjandi aðgerðir og bind ég miklar vonir við þessar áherslubreytingar því enginn vafi er á því að aðstæður barna fyrstu æviárin leggja grunn að farsæld þeirra síðar í lífinu. Geta foreldra til að veita umhyggju og ástríki skiptir þar mestu en einnig að stofnanir bæjarins séu þess megnugar með samvinnu að veita hverju og einu barni þá umgjörð og félagslegu aðstæður sem nauðsynlegar eru. Þessar skyldur eru ótvíræðar. Unnið var að ýmsum málum sérstaklega á árinu. Má þar nefna endurskoðun félagslega húsnæðiskerfisins og tillögur starfshóps samþykktar. Nýr aðili tók við ferðarþjónustu fatlaðra eftir útboð og jafnframt var hluti af heimaþjónustu boðinn út og tilboði tekið. Þá hófust byggingarframkvæmdir við sjö íbúða heimili fyrir fatlaða við Fossvogsbrún sem væntanlega verður tilbúið í desember 2021. Unnið var að undirbúningi nýrra reglna um stuðning við börn og fjölskyldur. Í reglunum er þjónustuþáttum breytt með það að markmiði að koma betur til móts við þarfir fjölskyldna og auka möguleika á veitingu snemmtæks stuðnings. Með reglunum er jafnframt tekið utan um þær fjölskyldur í Kópavogi sem þarfnast stuðnings með heildstæðum hætti þannig að utanumhald og samstarf stofnana í sveitarfélaginu á að verða þéttara sem leiðir vonandi til þess að síður þurfi að grípa til kostnaðarsamra og þyngjandi inngripa síðar meir. Markmiðið er að þjónustan auki lífsgæði og farsæld barna og fjölskyldna í bænum. Einnig var unnið að gæðamálum, markmiðssetningum og aukinni samvinnu við menntasvið. Þá var á árinu, í samræmi við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, útbúinn tilkynningarhappur fyrir börn og hann settur í spjaldtölvur allra grunnskólabarna í 5. – 10. bekk. Í 50 tilvikum þótti ástæða til að tala við tilkynnendur. Þá er ástæða til að tunda hér þá

ákvörðun velferðarráðs á árinu að samþykkja nýtt úrræði Barnaverndar um að leggja til fullbúna íbúð ætlaða fyrir þolendur heimilisofbeldis og börn þeirra. Hefur þetta úrræði nýst vel.

Á árinu greiddi ráðgjafar- og íbúðadeild út tæpar 386 milljónir í framfærslu, aðra styrki, heimildargreiðslur og samninga um ýmis þjónustuúrræði. Alls fengu 412 einstaklingar aðstoð, þar af 287 íslenskir ríkisborgarar og 125 erlendir ríkisborgarar. Það sem hefur einkennt störf deildarinnar öðru fremur er mikil og flókin þolinmæðisvinna fyrir notendur sem eru af erlendu bergi brotnir þar sem íslenskukunnátta er eðlilega oft mjög takmörkuð eða engin. Þá er bakgrunnur og viðhorf með ólíkum hætti og oft á tíðum um afar erfiðar aðstæður að ræða. Unnið er að auknu samstarfi velferðarsviðs og menntasviðs til að auka aðstoð við börn flóttafólks í leik- og grunnskólum, íþróttum og frístundastarfi. Fullyrða má að þeir sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda þurfa ekki síður á ráðgjöf og stuðningi að halda til að takast á við erfiðleika sína. Þannig er allt kapp lagt á að þeir sem eru vinnufærir fái atvinnuráðgjöf, hvatningu og eftirfylgni. Með þeim sem ekki eru vinnufærir er unnið með hvatningu og ráðgjöf og þannig stuðlað að valdeflingu þeirra með endurhæfingu. Að meðaltali nota 1,5% heimila fjárhagsaðstoð á 30 ára tímabili. Á mynd 1.1. má sjá að þrír toppar eru áberandi, árin upp úr 1990, upp úr 2000 og 2010 og

ekki ólíklegt að fjórði toppurinn sé á leiðinni.

Í lok árs var félagsleg heimaþjónusta veitt á 730 heimilum, þar af 650 heimilum aldraðra. Ef miðað er við að á 26% heimila búi tveir einstaklingar, samanber skiptingu umsækjenda um heimaþjónustu, má gera ráð fyrir að tæplega 16% aldraðra Kópavogsbúa hafi verið með heimaþjónustu í árslok. Heildarfjöldi heimila sem fékk heimaþjónustu yfir árið var 906. Lögð er aukin áhersla á innlitsþjónustu og fengu 130 heimili slíka þjónustu og um 40% þeirra daglegt innlit. Kópavogsbær hefur verið með samstarf við heimahjúkrun undanfarin 12 ár og greiðir bærinn fyrir 7,8 stöðugildi félagsliða sem stýrt er af heimahjúkrun heilsugæslunnar. Um er að ræða þétt samstarf sem ætlað er að bæta þjónustu við notendur og er stefnt að auknu samstarfi sem m.a. á að einfalda umsóknarferlið. Þá er ljóst að verulega skortir á fjölda dagdvalarrýma í bæjarfélaginu en slík úrræði þjóna margvíslegum þörfum aldraðra og eru mikilvægur liður í að gera þeim kleift að vera á heimili sínu sem lengst. Þrátt fyrir mikilvægi þess að fjölga hjúkrunarrýmum er einnig bæði mikilvægt og nauðsynlegt að samhæfa enn frekar þjónustu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, fjölga dagþjónusturýmum og leggja meiri áherslu á velferðartækni og hreyfipjálfun. Þar með er litið heildstætt á þjónustulausnir og samvinnu ríkis og sveitarfélaga sem gerir þennan þjónustuþátt eins



þjónustuvænan og hagkvæman og mögulegt er, en hlutfall eldri bæjarbúa hefur aukist úr 7,06% árið 1991 í 13,48% á árinu. Í janúar 2018 var farið að stað með tilraunaverkefni um sértæka heimaþjónustu þar sem þjónusta er veitt alla daga frá morgni til kvölds. Á þessu ári nýttu 23 einstaklingar sér þessa þjónustu en voru 27 á sl. ári. Notendur þjónustunnar eiga það sammerkt að þurfa umtalsverðan og sérhæfðan stuðning vegna líkamlegrar og/eða andlegrar fötlunar. Með tilkomu þessa úrræðis getur velferðarsvið betur mætt þeim notendum sem þurfa umtalsverðan og allt að því daglegan stuðning.

Tilfinnanlegur skortur er á skammtímadvöl fyrir börn með fötlun og jafnframt er skortur á atvinnuúrræðum fyrir fullorðna fatlaða. Aðgangur að skammtímadvöl nær engan veginn að anna þeim þörfum sem til staðar eru hjá fjölskyldum í bænum, eins og biðlistar eftir skammtímadvöl sýna. Mikilvægt er að undirstrika mikilvægi skammtímadvalar sem einn þátt í þeirri samfellu sem þarf að vera til staðar fyrir fötluð börn með alvarleg hegðunar- og þroskafrávik. Fyrir utan þá þjónustu sem lýtur beint að börnunum er ekki síður mikilvægt að hafa í huga mikilvægi hvíldar fyrir foreldra og systkini og því getur þjónustuleysi við þennan hóp haft mjög alvarlegar afleiðingar til lengri tíma lítið.

Velferðarsvið, sem áður hét Félagsmálastofnun


Kópavogs og síðar Félagsþjónusta Kópavogs, var stofnað 1972. Frá árinu 1991 hafa árlega verið gerðar ársskýrslur til að upplýsa almenning um velferðarþjónustu almennt og um leið hvernig skattfé þeirra er varið í einstaka þjónustubætti. Þeim er einnig ætlað að halda utan um upplýsingar og veita starfsmönnum og kjörnum fulltrúum yfirsýn og fá ábendingar um hvað betur megi fara. Þessi ársskýrsla er sú þrítugasta í röðinni. Eðlilega hafa orðið miklar breytingar á þessum árum og velferðarsvið stækkað og þróast í takt við stækkun bæjarins og breyttar áherslur og þarfir íbúa í síbreytilegu samfélagi. Markmið velferðarsviðs hefur ávallt verið metnaður, fagmennska og virðing við notendur og þarfir þeirra, en jafnframt að starfsfólk hafi ánægju af störfum sínum og njóti tillitsemi og virðingar stjórnenda. Árið 1991 voru íbúar 16.635 og hefur þeim fjölgað um 21.697. Stöðugildum hefur fjölgað á sama tíma úr 61,5 í 218,0 og munar þar mestu um yfirtöku bæjarfélagsins á málefnum fatlaðra í byrjun árs 2011. Fyrir dyrum standa miklar breytingar á félagsþjónustu með tilkomu breytinga á félagsþjónustulögum og lögum um málefni fatlaðra eins og áður segir. Það er von mín að þessar breytingar, ásamt farsældarfrumvarpi barnamálaráðherra, muni enn frekar bæta þá góðu þjónustu sem bæjaryfirvöld hafa ávallt leitast eftir að veita og reynt eftir fjárhagslegum mætti að koma til móts við þær þarfir sem íbúar hafa.

Á mynd 1.2. má til gamans sjá fylgni kostnaðar vegna félagsþjónustu og skatttekna Kópavogsbæjar frá árinu 1991.

Þar sem þetta er síðasta ársskýrslan sem ég ber ábyrgð á vil ég þakka bæjarstjórn það tækifæri að hafa fengið að vinna að velferðarmálum og þróun velferðarþjónustu fyrir hönd bæjarins í 30 ár í góðu samstarfi við kjörna fulltrúa og bæjaryfirvöld.

Það er mér jafnframt ánægjuefni að geta sagt að velferðarsvið hefur á að skípa öflugum hópi starfsfólks sem í daglegum störfum sínum sýnir dugnað, velvild og virðingu fyrir þeim Kópavogsbúum sem eiga samskipti við sviðið. Ég mun sakna þessa samstarfsfólks og þakka þeim og jafnframt fyrrverandi samstarfsfólki velferðarsviðs þau störf sem þau hafa innt af hendi fyrir Kópavogsbúa.

Aðalsteinn Sigfússon sviðsstjóri



SKIPTING FJÁRMAGNS


RÁÐGJAFAR- OG ÍBÚÐAÐEILD

Á verðlagi des 2020

	2015	2017	2019	2020
Visitala neysluverðs	1,138	1,096	1,036	1,000
Barnaverndarnefnd	2.092.779	3.483.155	3.010.724	4.784.160
Velferðarráð	5.944.403	15.545.945	13.666.944	18.098.767
Skrifstofuhald	129.672.905	131.797.232	248.434.193	125.155.729
Barnavernd	131.696.023	164.120.750	200.132.552	215.045.322
Ráðgjafar- og íbúðadeild	103.218.409	103.584.844	95.571.893	106.831.040
Ódrunarmál: Skrifstofa	42.873.510	46.834.662	61.509.326	75.237.988
Málefni fatlaðs fólks: Skrifstofa	38.347.723	42.818.511	41.804.456	37.100.828
Ferðaþjónusta	65.206.970	90.930.033	156.047.312	123.081.178
Endurgreiðslur (JS+Útsv.+millir)	-1.302.282.047	-1.497.348.231	-1.676.515.370	-1.623.311.370
Gjöld	1.380.056.306	1.676.367.930	1.948.862.360	2.137.522.210
Vegna yfirf. málefna fatlaðs fólks	77.774.259	179.019.699	272.346.991	514.210.840
Fjárhagsaðstoð	319.278.323	192.095.489	234.073.397	272.654.915
Tilsið og persónuleg ráðgjöf	44.729.097	35.006.557	35.092.445	58.559.076
Liðveisla	127.132.059	121.986.704	170.085.763	234.843.185
Niðurgreidd leikskólagjöld	24.545.814	28.542.076	25.929.642	18.968.958
Fósturlaun og vistanir	79.165.201	116.436.021	164.726.196	253.223.090
Áttan uppeldisráðgjöf	20.037.968	24.951.648	34.121.050	37.317.059
Úrræði Dalbrekku	0	0	28.033.770	28.698.892
Húsaleigubætur nettó	148.563.413	142.529.070	134.824.726	237.622.542
Félagsleg heimþjónusta	245.855.063	242.283.777	247.662.884	271.796.557
Lífeyrisþegar: Framlög, sund og strætó	79.542.274	82.574.576	94.476.687	94.525.426
Boðþing: Til Hrafnistu	9.617.114	968.015	0	0
Afsláttur fasteignagjalda	62.039.680	83.987.765	94.387.759	101.340.436
Roðasalir: Sambýll og dagvist	57.152.368	68.153.216	90.211.800	83.802.379
Hörðukór búsetuúrræði	34.955.135	27.255.475	29.181.174	36.990.902
Dvöl		14.236.865	13.451.777	12.985.368
Styrkir og jafnréttismál	9.078.203	7.499.149	12.640.771	10.920.322
Velferðarmál með endurgr. * & **	1.858.518.692	1.966.641.233	2.501.424.232	2.973.794.959
Velferðarmál án endurgr. * & **	2.197.873.769	3.152.247.443	3.922.706.086	4.316.345.366
Staða miðað við áætlun	99,39%	97,84%	104,79%	104,98%
Skatttekjur Kópavogsbæjar	22.465.113.516	27.110.713.106	29.770.606.812	30.328.300.000
Hiutfall útgjalda velferðarsviðs/skatttekjur	8,27%	7,25%	8,40%	9,81%
Íbúafjöldi Kópavogsbæjar	34.140	35.970	37.959	38.332
Félagsmál: Kostn./íb.	54.438	54.674	65.898	77.580
Fjárhagsaðstoð: Kostn./íb.	9.352	5.340	6.166	7.113

- 2014 og 2015 bókfærðust endurgreiðslur frá jöfnunarsjóði inn á velferðarsvið en ekki útsvarstekjur.
 - 2016 - 2019 bókuðust hvorki jöfnunarsjóðstekjur né útsvarstekjur inn á velferðarsvið.
 - Árið 2019 var færið inn á skrifstofuhald varúðarfaersla vegna ólokinnna kjarasaminga upp á kr. 57,4 milljónir.
 - Í byrjun árs 2019 óskaði ferðaþjónustuverktaki eftir að losna undan samingi og var þá samið við hann að keyra fram til miðs árs 2020 á hærra eingaverði. Teitur Jónasson tók við ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra í júní 2020. Covid 19 hafði veruleg áhrif til lækkunar á kostnaði á árinu 2020.
 - Liðveisla og frekari liðveisla hækkar þar sem NPA samningur var fjölgað. 25% endurgreiðsla vegna NPA saminga frá Jöfnunarsjóði skilar sér ekki til lækkunar vegna bóknarreglna sveitarfélaga. Covid 19 hafði einnig veruleg áhrif til hækkunar á liðveislu vegna lokunar virkniúrræða á árinu.

SKIPTING FJÁRMAGNS MILLI DEILDA 2020



Í ráðgjafar- og íbúðadeild störfuðu 9 starfsmenn í 9,0 stöðugildum í lok árs en í upphafi árs voru starfsmenn 9 í 8,5 stöðugildum. Í árslok störfuðu 5 ráðgjafar í 5,0 stöðugildum við félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Að auki störfuðu tveir þjónustufulltrúar í deildinni, annar við afgreiðslu á fjárhagsaðstoð og hinn við umsýslu leiguíbúða og frá 1.11.2020 var ráðinn ráðgjafi húsnæðismála í 1,0 stöðugildi.

Deildarstjóri er Rannveig María Þorsteinsdóttir.

VERKSVIÐ

Hlutverk deildarinnar er að veita þjónustu, aðstoð og ráðgjöf samkvæmt lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og starfa skv. húsaleigulögum nr. 36/1994.

Meginverkefni varða:

- Félagslega ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Atvinnuráðgjöf og vinnumiðlun
- Endurhæfingu
- Áfangaheimili
- Félagslegt leiguhúsnæði

COVID-19 HEIMSFARALDUR

Áhrifa af völdum Covid-19 heimsfaraldurs fór að gæta í mars. Útbúin var viðbragðsáætlun ef til smita kæmi hjá starfsmönnum sem ekki varð. Starfsmenn skiptust á að vera í heimavinnu og fengu til þess búnað hjá upplýsinga- og tæknideild. Gripið var til sóttvarnarráðstafana með því að takmarka viðtöl á skrifstofu og viðhafa frekar símaviðtöl og var umsóknareyðublað um fjárhagsaðstoð gert rafrænt í þjónustugátt á heimasíðu bæjarins. Starfsmenn snéru allir til vinnu á vormánuðum en þegar seinni bylgjan skall á var aftur gripið til heimavinnu. Heimsfaraldurinn hafði áhrif á ýmis úrræði sem íbúar með fjárhagsaðstoð höfðu aðgang að en margir þjónustuaðilar reyndu að draga úr áhrifum með því að fara aðrar leiðir með símafundum og símaviðtölum.

FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF OG FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Markmið laga um félagsþjónustu er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa og stuðla að velferð þeirra á grundvelli samhjálp, meðal annars með því að bæta lífskjör þeirra sem standa höllum fæti.

Fjölskyldur og einstaklingar sem orðnir eru 18 ára geta leitað eftir þjónustu, aðstoð og ráðgjöf hjá ráðgjafar- og íbúðadeild í málum sem varða fjárhagsvanda, framfærslu eða aðra félagslega erfiðleika.

Upplýsingagjöf og leiðsögn um réttindi og skyldur í velferðarkerfinu eru stór þáttur í starfi ráðgjafa. Veitt aðstoð er gjarnan tímabundin, t.d. þegar um er að ræða skammvinn veikindi, áföll eða atvinnuleysi. Í mörgum tilvikum þarf þjónustu til lengri tíma, ekki síst þegar einstaklingur hefur glímt við langvarandi veikindi eða langtíma atvinnuleysi.


TEYMISVINNA

Starfrækt eru tvö teymi í félagslegri ráðgjöf og fjárhagsaðstoð: Ráðgjafateymi og virkniteymi, sjá mynd 2.1. Verkefni teyma felast annars vegar í félagslegri ráðgjöf og afgreiðslu umsókna um fjárhagsaðstoð og hins vegar í einstaklingsvinnu þar sem markvisst er unnið að því, eftir því sem við á, að bæta félagslega og fjárhagslega stöðu einstaklinga með endurhæfingu eða með því að aðstoða einstaklinga við að fara út á vinnumarkað.

Ráðgjafateymi móttækur öll ný erindi frá íbúum sem varða félagslega ráðgjöf og fjárhagsaðstoð. Þar fer fram upplýsingaöflun, greining, mat og ráðgjöf og mál eru ýmist afgreidd af ráðgjafa eða vísað í réttan farveg. Auk þess annast ráðgjafar í ráðgjafateymi afgreiðslu á nýskráningum í fjárhagsaðstoð, þ.e. fara yfir fylgigögn og ganga úr skugga um rétt íbúa ásamt því að veita félagslega ráðgjöf og bráðaaðstoð þegar þörf krefur. Í árslok tilheyrðu þeir starfsmenn ráðgjafateymi; tveir ráðgjafar og einn þjónustufulltrúi.

Íbúar leita í auknum mæli eftir ráðgjöf og leiðsögn hjá ráðgjafateymi vegna ýmissa vandamála, s.s. húsnæðisvanda, fjárhagslegs vanda, félagslegs vanda og út af ýmsum persónulegum vanda. Veittar eru upplýsingar um réttindi sem kunna að vera til staðar og málum er beint í réttan farveg til úrlausnar. Fjöldi erinda á vakt var 1.916 en þau voru 2.088 á síðasta ári sem er fækkun um rúm 8%. Þetta er fyrsta árið sem erindum á vakt fækkar á milli ára frá því að vaktin var sett á laggirnar 2016.

2.1 FERLI MÁLA OG TEYMINN INNAN DEILDARINNAR



Virkniteymi hefur á að skipa þremur ráðgjöfum í 3,0 stöðugildum. Þeir vinna með þeim sem hafa fengið fjárhagsaðstoð í tvo mánuði eða lengur.

Starf ráðgjafa tekur mið af stöðu viðkomandi, þ.e. hvort hann búi yfir vinnufærni eða ekki. Þeir sem ekki eru vinnufærir skila læknisvottorðum því til staðfestingar. Starf ráðgjafa með óvinnufærum einstaklingum er mismunandi eftir stöðu hvers og eins en meginmarkmið er að vinna að virkni með hvatningu og valdeflingu og stuðla að lífsstílsbreytingum til að hefja bataferli. Unnið er með samninga um félagslega ráðgjöf, einstaklingsáætlanir, eða með gerð endurhæfingaráætlana sem miða að því að byggja upp vinnufærni. Endurhæfing getur verið í utanumhaldi hjá ráðgjöfum eða öðrum aðilum eins og t.d. Hugarafli eða Virk eftir atvikum. Umsóknir um endurhæfingarlífeyri eða tímabundið eða varanlegt örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins fara í gegnum lækna.

Starf ráðgjafa með vinnufærum einstaklingum felst í ráðgjöf og stuðningi sem miðar að atvinnuþátttöku og þá með atvinnuráðgjöf, stuðningi við atvinnuleit,

hvatningu, eftirfylgni markmiða og sérstökum úrræðum eftir þörfum. Fyrir liggur að þeir sem hafa verið lengi atvinnulausir og á félagslegum bótum þurfa oft töluverðan stuðning til að komast aftur í virkni, enda eru kvíði og depurð oft fylgikvillar langtíma atvinnuleysis.


FJÁRHAGSAÐSTOÐ

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Annars vegar er um að ræða grunnaðstoð fjárhagsaðstoðar sem veitt er þegar einstaklingur, hjón eða sambúðarfólk hafa skattskyldar tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Á árinu voru viðmiðunarmörkin kr. 191.807,- fyrir einstakling og kr. 306.890,- fyrir hjón og sambúðarfólk sem búa í eigin húsnæði eða eru með þinglýstan húsaleigusamning. Hins vegar eru svonefndar heimildargreiðslur vegna sérstakra aðstæðna að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hér er um ræða námsaðstoð, húsbúnaðaraðstoð, útfararstyrki, greiðslur vegna sérfræðiaðstoðar, aðstoð vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu, aðstoð vegna sérstakra erfiðleika, sérstaka aðstoð til foreldra vegna barna, aðstoð vegna endurhæfingar og desemberstyrki.

Öll fjárhagsaðstoð er einstaklingsbundin og skal hún miða að því að stuðla að valdeflingu einstaklingsins með því að hvetja til sjálfsbjargar og virkni í samfélaginu. Sérhverjum sem sækir um aðstoð er skylt að leita sér að atvinnu og taka þeirri atvinnu sem býðst nema veikindi, örorka, aldur eða aðrar gildar og staðfestar ástæður hamli því. Fjárhagsaðstoð er öryggisnet, þ.e. tímabundið úrræði og neyðarráðstöfun til þess að forða einstaklingum og fjölskyldum frá örbirgð.


Nýskráningar vegna umsókna um fjárhagsaðstoð voru samtals voru 523 miðað við 527 á síðasta ári og 444 árið 2018, sjá mynd 2.2.

2.2. NÝSKRÁNINGAR UMSÓKNA UM FJÁRHAGSAÐSTOÐ 2018 TIL 2020




Alls fengu 337 einstaklingar fjárhagsaðstoð til framfærslu á árinu miðað við 292 á síðasta ári sem er fjölgun um rúm 15% milli ára. Einstaklingum með erlent ríkisfang fjölgaði hlutfallslega mest eða um tæp 39% milli ára miðað við tæplega 7% hækkun í hópi einstaklinga með íslenskt ríkisfang. Fjölgun í hópi flóttafólks skýrir að stórum hluta aukninguna en flóttafólki fjölgaði um 76% milli ára. Unnið var að móttökuáætlun flóttafólks á árinu og var það eitt af gæðamarkmiðum deildarinnar. Það náðist ekki að ljúka þeirri vinnu og verður áfram unnið að því markmiði á næsta ári, sjá mynd 2.3.

2.3. FJÁRHAGSAÐSTOÐ TIL FRAMFÆRSLU 2020



Ef öll fjárhagsaðstoð er talin, þ.e. framfærsla og heimildargreiðslur skv. reglum, fengu 412 einstaklingar aðstoð á árinu miðað við 372 á síðasta ári sem er aukning um tæp 11%, sjá mynd 2.4.

2.4. FJÖLDI EINSTAKLINGA MEÐ FLÁRHAGSAÐSTOÐ 2019 OG 2020 EFTIR RÍKISFANGI



Sjá má skiptingu eftir hjúskaparstöðu og aldersdreifingu einstaklinga með fjárhagsaðstoð á myndum 2.5. og 2.6.


2.5. HJÚSKAPARSTADA EINSTAKLINGA MEÐ FJÁRHAGSAÐSTOÐ



2.6. ALDURSDREIFING EINSTAKLINGA MEÐ FJÁRHAGSAÐSTOÐ 2020



2.7 FJÖLDI OG HLUTFALL EINSTAKLINGA MEÐ FJÁRHAGSAÐSTOÐ EFTIR FJÖLDA MÁNAÐA



Á mynd 2.7. má sjá fjölda og hlutfall einstaklinga með fjárhagsaðstoð eftir mánuðum. Tæpur þriðjungur fékk fjárhagsaðstoð í einn mánuð (115 einstaklingar) og 53% (220 einstaklingar) fengu aðstoð í þrjá mánuði eða skemur. Erfitt er að bera saman tölur frá síðasta ári því þá var fjárhagsaðstoð reiknuð á heimili en í ár á einstaklinga. Alls voru 41 einstaklingar eða 10% með fjárhagsaðstoð í 12 mánuði og lengur en á síðasta ári voru 23 heimili eða 5% hópsins með fjárhagsaðstoð í þetta langan tíma. Ætla má að um einhverja aukningu sé að ræða milli ára.


Velferðarsvið hefur stutt einstaklinga 16 ára og eldri til að nýta sér verkþjálfun og fræðslustarfsemi Fjölsmiðjunnar og voru 31 einstaklingur í þjálfun hjá Fjölsmiðjunni á árinu en 27 á síðasta ári. Af þessum 31 nemum voru 13 með tilvísun frá Barnavernd, 9 frá ráðgjafar- og íbúðadeild og 9 frá þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra. Fjöldi einstaklinga sem fékk aðstoð til náms á árinu var 17 sem er sami fjöldi og á síðasta ári. Þá voru alls gerðir 5 starfsþjálfunarsamningar á árinu.

Í töflu 2.1. má sjá heildarfjárhæðina sem veitt var í fjárhagsaðstoð á árinu, samtals kr. 272.654.915,- og hvernig hún skiptist.


Tafla 2.1. Fjárhagsaðstoð 2020

	Fjárhæð (kr.)	Hlutfall
Framfærsla	183.043.408	67%
Veitt lán	73.925.333	27%
Fjölsmiðjan	33.313.421	12%
Aðrir styrkir	28.176.821	11%
Sérúrræði í Barnaverndarmálum	13.210.902	5%
Hugarafi	12.666.250	5%
Nám og endurhæfing	11.952.199	4%
Styrkur vegna sérstakra erfiðleika	11.075.495	4%
Sérstök aðstoð vegna barna	5.990.414	2%
Neyðarskýli skv. samningi við Reykjavíkurborg	5.902.087	2%
Desemberstyrkir	4.926.691	2%
Útfararstyrkir	1.250.000	0%
Styrkir vegna sérfræðiaðstoðar	198.000	0%
Húsbúnaðarstyrkir	8.815	0%
Endurgreiðslur ríkissjóðs vegna erlendra ríkisborgara	- 51.585.257	-19%
Endurgreidd lán og niðurfelld	- 61.399.664	-23%
Samtals	272.654.915	100%

Á mynd 2.8 má sjá heildarfjárhæð sem hefur verið veitt frá 2015 á verðlagi 2020. Aukning milli 2019 og 2020 eru tæp 17%.



Alls hættu 191 að nýta sér fjárhagsaðstoð á árinu miðað við 163 á síðasta ári. Af þeim sem útskráðust á árinu fóru 44 í vinnu eða 23%, 29 eða 15% fóru á endurhæfingarlífeyri og 25 eða rúm 14% á atvinnuleysisbætur. Gæðamarkmið ráðgjafar- og íbúðadeildar 2020 var að fækka langtímanotendum með fjárhagsaðstoð með því að bæta félagslega og fjárhagslega stöðu viðkomandi með viðeigandi úrræðum. Markmiðið var að fækka notendum sem voru samfelt með fjárhagsaðstoð í 12 mánuði um 30%. Alls voru 25 með langtímaaðstoð og fækkaði þeim um 13, þ.a. markmiðið náðist og fækkaði langtímanotendum um 52%. Ástæður útskráninga má sjá á mynd 2.9.



SAMSTARF VIÐ FÉLAGASAMTÖK

Soroptimistaklúbbur Kópavogs og velferðarsvið hafa að frumkvæði klúbbsins átt samstarf frá árinu 2016. Markmiðið er að styðja ungar konur í Kópavogi til betra lífs, meðal annars með því að hjálpa þeim að styrkja sjálfsmýnd sína og veita þeim stuðning og hvatningu, ekki síst til frekara náms til að bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Stjórn klúbbsins fékk Ástu Guðrúnu Guðbrandsdóttur markþjálfara til að halda námskeið fyrir hópinn þar sem fjallað var um samskipti, sjálfstraust, markmiðasetningu og viðhorf. Alls tóku 10 konur þátt í verkefninu á árinu.

Hugarafli og velferðarsvið endurnýjuðu með samstarfssamningi þjónustu Hugarafli við allt að 10 einstaklinga sem eru óvinnufærir vegna andlegra veikinda, þó ekki vegna fíknisjúkdóma. Markmið þjónustu Hugarafli er að efla vald einstaklinga yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmýnd þeirra, sjálfstraust og félagslega stöðu og auka lífsgæði með virkni í samfélaginu. Það er gert með þátttöku í skipulagðri dagskrá hjá Hugarafli þar sem jafnframt eru lögð drög að endurhæfingaráætlun hjá Tryggingastofnun ríkisins og séð um eftirfylgd

hennar eða stefnt á nám eða vinnu. Í heildina voru 15 skráðir í þjónustu Hugarafli á árinu og var kostnaður samtals kr. 12.666.250,-.

ÁFANGAHEIMILI

Áfangaheimili var sett á laggirnar í desember 2017. Það er fyrir karla með fjölbættan vanda sem þurfa stuðning við búsetu. Um getur verið að ræða vanda vegna vímuefnaneyslu og fíknar, geðrænna erfiðleika, félagslegrar einangrunar eða fátæktar. Á heimilinu er haft að leiðarljósi að íbúar taki ábyrgð á sjálfum sér og sínum gjörðum, sýni öðrum virðingu og tillitssemi og að þeir vinni markvisst að því að efla eigið sjálfstæði til sjálfshjálpar og sjálfstæðrar búsetu. Áfengis- og vímuefnaneysla er ekki leyfð. Alls geta átta einstaklingar búið á heimilinu. Þjónustusamningur er við Samhjálp um daglegan rekstur.

Alls voru 10 karlar í búsetu á árinu og 4 í lok árs. Meðalbúsetutími þeirra 6 sem fluttu af heimilinu á árinu voru 10,6 mánuðir. Búsetusamningi var rift hjá 4 einstaklingum, 2 sögðu upp búsetusamningi og flutti annar erlendis og hinn í annað sveitarfélag.

FÉLAGSLEGT LEIGUHÚSNÆÐI

Félagslegar leiguíbúðir Kópavogsbæjar eru leigðar til tekju- og efnalítilla fjölskyldna. Um útleigu íbúða gilda reglur sem velferðarráð setti 11. desember 2003 með síðari breytingum.

Árið 2009 var innleitt stigakerfi þar sem umsóknir eru metnar með hliðsjón af tekjum, húsnæðis-aðstæðum, félagslegum aðstæðum, stöðu umsækjanda og aldri umsóknar. Stigafjöldi umsóknar stýrir úthlutun, nema í undantekningartilvikum þegar úthlutað er samkvæmt forgangs röðun á biðlista eftir félagslegu leiguhúsnæði.

Umsókn um leiguíbúð þarf að endurnýja á hverju ári en umsóknarréttur er bundinn eftirtöldum skilyrðum:

- Umsækjandi hafi að öllu jöfnu átt lögheimili í Kópavogi í 6 mánuði.
- Umsækjandi eigi ekki fasteign sem jafna má til íbúðarhúsnæðis.
- Umsækjandi færi sönnur á að hann standist ekki greiðslumat til kaupa á íbúð.

UMSÝSLA LEIGUÍBÚÐA

Ráðgjafar- og íbúðadeild annast móttöku og úrvinnslu umsókna um félagslegt leiguhúsnæði. Einnig sér deildin um móttöku og afgreiðslu kvartana sem snúa að leigjendum.

Úthlutun íbúða er á vegum úthlutunarhóps í umboði velferðarráðs en hópinn skipa deildarstjórar ráðgjafar- og íbúðadeildar, þjónustu- og ráðgjafardeildar aldrafra, Barnaverndar og þjónustu- og ráðgjafardeildar fatlaðra. Alls voru haldnir 12 úthlutunarfundir á árinu.

ÍBÚÐIR OG SÉRÚRRÆÐI

Í árslok voru 448 leiguíbúðir í eigu bæjarins. Þar af 323 almennar íbúðir, 87 íbúðir fyrir 60 ára og eldri og 40 fyrir fólk með fötlun. Þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra annast um úthlutanir í íbúðir fyrir fólk með fötlun.

Alls voru 3 íbúðir keyptar á árinu og ein íbúð var seld leigjanda skv. reglum þar um (sjá töflu 2.2.). Í lok árs var ein íbúð ekki talin hæf til notkunar og 13 íbúðir ekki í notkun vegna standsetningar og endurbóta eða í úthlutunarferli.

Tafla 2.2. Félagslegt leiguhúsnæði

	Fjöldi
Keyptar íbúðir	
2016	4
2017	3
2018	12
2019	5
2020	3
Samtals keyptar íbúðir 2016-2020	27
Tegund félagslegra leiguíbúða	
Stúdíó og 2ja herbergja	182
3ja herbergja	177
4ra herbergja	83
5 herbergja	6
Samtals leiguíbúðir 2021	448


Til viðbótar við þessar 448 íbúðir á bærinn þrjú herbergjasambýli fyrir alls 15 einstaklinga með fötlun og eitt áfangaheimili fyrir fatlaða (sjá kafla um þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra). Auk þess á bærinn eitt áfangaheimili fyrir 8 karla, eins og áður greinir og eina íbúð sem sérúrræði í Barnavernd vegna heimilisofbeldis (sjá kafla um Barnavernd).

Samningur var gerður á árinu við Brynju, hússjóð Öryrkjabandalagsins, um kaup Brynju á 21 tveggja herbergja íbúð með 15% stofnframlagi frá bænum. Samstarf er við Brynju hússjóð um úthlutanir og var einni íbúð úthlutað á árinu. Viðlíka samningur var gerður 2018 um fjórar íbúðir.


LEIGJENDUR

Í árslok voru 395 almennar íbúðir og íbúðir fyrir 60 ára og eldri í útleigu. Yngsti leigjandinn af 395 leigjendum var 23 ára og sá elsti 94 ára. Stærsti hópur leigjenda var einstæðir foreldrar eða 41%, alls 161 leigjandi. Næst stærsti hópurinn eða rúmur þriðjungur (35%) leigjenda voru barnlausar fjölskyldur, alls 127. Tæpur fjórðungur (24%) leigjenda var 67 ára og eldri eða alls 97

leigjendur. Heildarfjöldi barna sem bjuggu í félagslegum leiguíbúðum var 309. Mynd 2.10. sýnir fjölskyldugerðir leigjenda.




Á mynd 2.11. má sjá yfirlit yfir upphafstíma leigusamninga og eru 43% samninga 5 ára eða yngri og rúmur fjórðungur frá 5 til 10 ára. Tæpur þriðjungur samninga er eldri en 10 ára.




BIÐLISTI OG ÚTHLUTANIR

Í árslok voru samtals 129 umsóknir á biðlista. Þar af voru 87 umsóknir frá einhleypum einstaklingum án barna, 27 umsóknir voru frá einstæðum foreldrum, 7 frá hjónum eða sambúðaraðilum með börn og 8 frá einstaklingum 60 ára og eldri. Sjá mynd 2.12.



Fjöldi barna að baki umsóknum var 67 börn. Þá voru 46 umsóknir frá leigjendum sem óskuðu eftir flutningi, ýmist í minni íbúðir eða stærri.



Á mynd 2.13. má sjá að alls var 59 félagslegum leiguíbúðum úthlutað á árinu en 55 á síðasta ári. Alls höfnuðu 17 umsækjendur úthlutaðri íbúð en 7 á síðasta ári. Samtals voru útbúnir

53 húsaleigusamningar á árinu og var ýmist um nýja samninga að ræða eða endurnýjun á eldri samningum. Mjög mismunandi er hversu margir samningar eru gerðir hvert ár, þeir voru 55 á síðasta ári en 33 árið þar á undan. Við upphaf leigu er gerður leigusamningur til sex mánaða en við lok þess tímabils er kannað hvort viðkomandi hafi staðið skil á leigugreiðslum, hvort umgengni um íbúð og sameign hafi verið með viðunandi hætti og hvort kvörtun hafi borist vegna leigutaka. Ef þessir þrír þættir eru í lagi er gerður ótímabundinn samningur en jafnframt óskað eftir upplýsingum um tekjur og eignir á 12 mánaða fresti.

BÚSETURÉTTUR

Búseturéttur í félagslegri leiguíbúð er að öllu jöfnu bundinn ákveðnum skilyrðum varðandi félagslegar og fjárhagslegar aðstæður leigutaka. Litið er á leigu á félagslegu leiguhúsnæði sem tímabundna úrlausn. Tekju- og eignaviðmið sem gilda um búseturétt leigjenda í leiguíbúðum fara að reglugerð nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignastofnanir og almennar íbúðir. Viðmiðin voru:

Tekjumörk einstaklings kr. 6.420.000,-
 Tekjumörk hjóna og sambúðarfólks ... kr. 8.988.000,-
 Fyrir hvert barn að 20 ára aldri sem býr á heimilinu bætast við kr. 1.605.000,-
 Eignamörk kr. 6.930.000,-



Stöðugildi deildarinnar eru 16,7; 10,4 stöðugildi félagsráðgjafa við vinnslu Barnaverndarmála, 1,7 stöðugildi sálfræðinga, 1,0 stöðugildi yfirmanns, 1 stöðugildi verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfellu í þjónustu, 0,4 stöðugildi við vinnslu stuðningsúrræða samkvæmt Barnaverndarlögum og 2,20 stöðugildi í Áttunni uppeldisráðgjöf.

Mikið samstarf er við lögfræðing sviðsins, sem staðsettur er á lögfræðideild, en hún er jafnframt ritari Barnaverndarnefndar.

Deildarstjóri er Anna Eygló Karlsdóttir.


BARNAVERNDAR-NEFND

Barnaverndarnefnd Kópavogs fer með verkefni Barnaverndarlaga og ber ábyrgð á meðferð Barnaverndarmála. Fulltrúar nefndarinnar eru fimm og varafulltrúar jafnmargir. Starfsmenn Barnaverndar vinna í umboði Barnaverndarnefndar.

Fundur Barnaverndarnefndar voru 17 á árinu og fjallað var um málefni 27 barna. Nefndin felldi 11 úrskurði er vörðuðu 21 barn. Auk þess voru lagðar fyrir nefndina 2 umsagnir vegna ættleiðinga, 4 umsagnir vegna stuðningsforeldra og 5 umsagnir vegna hæfnismats á fósturforeldrum.

BARNAVERNDAR-STARF

Markmið Barnaverndar samkvæmt Barnaverndarlögum nr. 80/2002 er að börn sem búa við óviðunandi aðstæður og börn sem sýna áhættuhegðun fái nauðsynlega aðstoð. Ávallt er leitast við að styðja fjölskyldur og beita úrræðum til verndar börnum þegar það á við. Þegar tilkynning berst til Barnaverndar um vanrækslu, ofbeldi eða áhættuhegðun barns taka starfsmenn Barnaverndar ákvörðun á fundi um hvort hefja skuli könnun málsins. Foreldrum er sent bréf til upplýsingar um að tilkynning hafi borist og leiðbeiningar um næstu skref. Tilkynnanda er einnig sent bréf til staðfestingar á móttöku tilkynningar auk þess sem veittar eru almennar upplýsingar um málsmeðferðina. Málefni barna eru unnin á grundvelli Barnaverndarlaga. Við vinnslu Barnaverndarmála er megináhersla lögð á aðstæður og líðan barna.



Leitast er eftir að börn komi skoðunum sínum og sjónarmiðum á framfæri í samræmi við aldur þeirra og þroska. Áhersla er lögð á samvinnu við foreldra og samstarf við aðrar fagstéttir þegar það á við. Fyllsta trúnaðar er gætt við vinnslu Barnaverndarmála.

BARNAVERND Í HEIMSFARALDRI

Í marsmánuði þegar Covid-19 fór að hafa áhrif á allt samfélagið var gerð aðgerðaráætlun vegna faraldursins sem byggði á því að nauðsynleg þjónusta til barna á vegum Barnaverndar héldist órofin. Vegna þessa fór ákveðinn hópur starfsmanna í heimavinnu, starfsmenn sem að jafnaði sinna ekki bakvakt skráðu sig sem bakverði vaktarinnar og reglum var breytt á vistheimili fyrir börn og annað heimili tryggt ef upp kæmi neyðarástand. Öll starfssemi deildarinnar breyttist í þessum aðstæðum og finna þurfti nýjar leiðir til að nálgast börn og ræða við þau sem og við foreldra þeirra og samstarfsstofnanir. Byggt var á aðgerðaráætluninni allt árið en hefðbundið starf Barnaverndar náðist á milli hertra sóttvarnatakmarkana. Áhrifa faraldursins gætir að öllum líkindum víða í tölfræði Barnaverndar. Tilkynningum fjölgaði og efni tilkynninga breyttist á þann veg að tilkynningum um ofbeldi fjölgaði mikið. Notkun úrræða breyttist einnig, sum úrræði var lítið hægt að nota vegna faraldursins á meðan önnur hentuðu vel. Á mynd 3.1. má sjá þróun kostnaðar í Barnavernd sl. fimm ár, uppreiknað á verðlagi 2020.


TILKYNNINGAR

Mál hefst hjá Barnavernd þegar tilkynning berst um aðbúnað barns, ofbeldi gegn barni eða um áhættuhegðun barns. Á árinu bárust 1.222 tilkynningar til Barnaverndar vegna 699 barna, þar af 5 tilkynningar vegna


ófæddra barna. Langflestar tilkynningar bárust frá lögreglu. 208 tilkynningar bárust undir nafnleynd en árið 2019 var nafnleyndar óskað 109 sinnum. Í fyrstu bylgju Covid-19 var opnað fyrir rafrænar tilkynningar á heimasíðu bæjarins og má fjölgun tilkynninga undir nafnleynd líklega að einhverju leyti rekja til þess möguleika. 102

tilkynningar bárust í gegnum Neyðarlínuna 112. Starfsmenn Barnaverndar ákváðu að hefja könnun máls skv. 21. gr. Barnaverndarlaga í tilvikum 11 barna vegna upplýsinga sem bárust Barnavernd með öðrum hætti en tilkynningu.

Á mynd 3.2. má sjá að tilkynningum fjölgaði um 222 á milli árunna 2019 og 2020. Tilkynningum hefur fjölgað um 409 eða um 50% frá árinu 2015 og börnum sem tilkynnt er um hefur fjölgað um 186 eða 36% yfir sama tímabil.




Mynd 3.3. sýnir að ástæða var til að hefja könnun vegna 470 barna á árinu af þeim 699 sem tilkynnt var um. Þar af voru nýjar kannanir 394 en 76 vegna barna sem þegar voru í vinnslu hjá Barnavernd. Könnunum fjölgaði þannig um 79 á milli ára og nýjum könnunum um 63.




Allir hafa tilkynningarskyldu til Barnaverndar skv. 16. gr. Barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar segir að hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu sé skylt að tilkynna það til Barnaverndar. Í 17. gr. laganna er sérstaklega kveðið á um tilkynningarskyldu þeirra sem hafa afskipti af börnum í starfi sínu. Tilkynningarskylda þeirra gengur frammar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu. Þá er kveðið á um tilkynningarskyldu lögreglu í 18. gr. Barnaverndarlaga.

Kópavogsbær hefur unnið að innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ein af aðgerðum innleiðingarinnar er að tryggja að börn og ungmenni geti komið skoðunum sínum og viðhorfum á framfæri án aðkomu foreldra. Vegna þessa var meðal




annars gerður tilkynningarhappur fyrir börn og hann settur á spjaldtölvur allra grunnskólabarna í 5. - 10. bekk. Með hnappnum geta börn óskað eftir aðstoð Barnaverndar en þessari aðgerð var flýtt sérstaklega vegna Covid-19 faraldursins. Tilkynningarhappurinn var innleiddur með myndböndum en gerð voru tvö fræðslumyndbönd, annað fyrir börn en hitt fyrir foreldra. Einnig fóru fram kynningar í skólum barnanna sem voru að mestu jafningjafræðsla. Þann 11. september var hnappurinn virkjaður og frá þeim degi til loka ársins bárust 93 skráningar í gegnum hnappinn. Á mynd 3.4. má sjá hvaða aðgerðum var beitt eftir að beiðni barst. Í 53% tilvika var talað var barnið en í 39% tilvika var augljóslega ekki ástæða til að bregðast við. Á mynd 3.5 er nánari greining á skráningum tilkynningarhappsins.

Tafla 3.1. sýnir uppruna tilkynninga á árunum 2018-2020. Á þessu þriggja ára tímabili bárust flestar tilkynningar frá lögreglu eða um helmingur, en næstflestar tilkynningar bárust frá grunnskólum. Tilkynningum frá börnunum sjálfum fjölgaði úr 4 í



14 á milli árunna 2019 og 2020 en fjölgunina má skýra með tilkomu tilkynningarhappsins.

Mynd 3.6. sýnir fjölda tilkynninga frá grunnskólum. Tilkynningum frá grunnskólum fjölga jafnt og þétt og hafa þær aldrei verið fleiri eða 153. Þessi aukning er að öllum líkindum vísbending um að aukið samstarf milli grunnskóla og Barnaverndar leiði til þess að skólarnir tilkynni og óski eftir aðstoð fyrir en áður. Starfsmenn Barnaverndar fara á nemendaverndarráðsfundi í grunnskólunum minnst einu sinni á hverri önn. Þeir eru einnig viðstaddir sýningu á forvarnarleikritinu Krakkarnir í hverfinu, ásamt börnum í 2. bekk, kennurum þeirra og öðru fagfólki grunnskólanna. Auk þessa er gott samstarf í einstaklingsmálum.





Tilkynnandi	2018		2019		2020	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Lögregla	497	55%	469	47%	524	43%
Grunnskólar og sérfræðipjónusta skóla	119	13%	139	14%	153	13%
Heilbrigðisstarfsmenn	77	9%	94	9%	125	10%
Aðrir aðilar	44	5%	86	9%	129	11%
Aðrir ættingjar	31	3%	55	6%	85	7%
Foreldrar barnanna	60	7%	57	6%	62	5%
Nágrannar	25	3%	31	3%	61	5%
Aðrar Barnaverndarnefndir	13	1%	15	2%	27	2%
Leikskólar og dagforeldrar	20	2%	31	3%	26	2%
Þjónustumiðstöðvar og félagsþjónusta	16	2%	19	2%	16	1%
Barnið sjálft	1	0%	4	0%	14	1%
Samtals	903	100%	1000	100%	1222	100%

Í þremur myndaflokkum 3.7. - 3.9. er yfirlit yfir ástæður tilkynninga; vegna ofbeldis, vanrækslu og áhættuhegðunar. Tilkynningar voru 1.222 og oftast var tilkynnt vegna ofbeldis gegn börnum eða 524 sinnum. Tilkynningum vegna ofbeldis fjölgaði um 174 tilkynningar milli ára eða um 50% og um 100% frá árinu 2015. Tilkynningum um vanrækslu fjölgaði um 41 eða um 12% og tilkynningum um áhættuhegðun fjölgaði um 3.

Þessa miklu aukningu á tilkynningum um ofbeldi má að einhverju leyti rekja til Covid-19 og þeirra aðstæðna sem faraldurinn skapaði, sem og til þeirrar hvatningar til almennings að tilkynna áhyggjur til Barnaverndar. Aukning á tilkynningum um ofbeldi var um 20% á landsvísi.


Ofbeldi gegn börnum er skipt niður í þrjá undirflokkka; líkamlegt ofbeldi, tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi og kynferðislegt ofbeldi. Í myndaflokki 3.7. má sjá hvernig tilkynningar um ofbeldi skiptast. Oftast er tilkynnt um tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi eða 400 sinnum og þar af heimilisofbeldi 216 sinnum. Tilkynningum um kynferðislegt ofbeldi fjölgaði um 21 og tilkynningum líkamlegt ofbeldi fjölgaði um 17 á milli ára.





Myndaflokkur 3.8. sýnir fjölda tilkynninga vegna vanrækslu. Alls bárust 380 tilkynningar vegna vanrækslu og fjölgaði um 12% milli árunna 2019 og 2020. Tilkynningum um vanrækslu er skipt í fjóra undirflokkana; tilfinningalega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, vanrækslu varðandi nám og líkamlega vanrækslu. Oftast var tilkynnt um vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða 304 sinnum og fjölgaði þeim tilkynningum um 31 milli árunna 2019 og 2020, þar af bárust 165 tilkynningar um foreldra í neyslu en þeim fækkaði um 7 milli ára. Tilkynningum um líkamlega vanrækslu fjölgaði um 25 milli ára, tilkynningum um vanrækslu varðandi nám fjölgaði um 7 og tilkynningum um tilfinningalega vanrækslu fjölgaði um 1.

Myndaflokkur 3.9. sýnir fjölda tilkynninga vegna áhættuhegðunar. Í yfirflokknum eru allar tilkynningar sem síðan dreifast á undirflokkana; neysla barns, barn beitir ofbeldi, erfiðleikar í skóla/skólasókn áfátt, afbrot barns og barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu. Tilkynningum um áhættuhegðun fjölgaði um 3 milli árunna 2019 og 2020. Tilkynningum um afbrot barns fjölgaði um 22 og tilkynningum um að barn beiti ofbeldi fjölgaði um 12. Tilkynningum í öðrum flokkum fækkaði; tilkynningum um að barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu fækkaði um 13, tilkynningum um neyslu fækkaði um 12 og tilkynningum um erfiðleika í skóla fækkaði um 5.



VERKEFNASTJÓRI SNEMMTÆKS STUÐNINGS OG SAMFELLU Í ÞJÓNUSTU

Stöðugildi verkefnastjóra snemmtæks stuðnings og samfellu í þjónustu tók til starfa 1. desember 2020. Stöðugildið er nýtt og meginmarkmið þess er að auka aðgengi að upplýsingagjöf og ráðgjöf þannig að hægt sé að veita fjölskyldum ungra barna þjónustu hratt og örugglega þar sem þörf er á. Einnig er markmiðið að tryggja samþættingu í þjónustu milli þjónustukerfa bæjarins þannig að viðkomandi barn og fjölskylda þess fái heildstæða og markvissa þjónustu í samræmi við þarfir.

ÚRRÆÐI BARNAVERNDAR ÁTTAN UPPELDISRÁÐGJÖF

Áttan er úrræði sem veitir foreldrum uppeldisráðgjöf og stuðning við umönnun og uppeldi barna sinna. Ráðgjafi Áttunnar hittir foreldra 1-2 sinnum í viku, ýmist á heimili fjölskyldu eða á skrifstofu velferðarsviðs og stendur þjónustan að jafnaði yfir í 3-4 mánuði. Unnið er að því að greina vanda fjölskyldunnar, finna lausnir, leiðbeina foreldrum og vinna með þeim að settum markmiðum. Bætt samskipti foreldra og barna og gagnlegar uppeldisáðferðir eru þeir þættir sem oftast er unnið með. Á árinu fengu 72 fjölskyldur stuðning frá ráðgjöfum Áttunnar. Viðtöl og vitjanir á heimili voru 683 og fóru ráðgjafar Áttunnar á 89 teymis- og símafundi í skólum og leikskólum barna vegna málefna þeirra.

Tveir starfsmenn Áttunnar veita foreldrum PMTO einstaklingsmeðferð en henni er ætlað að draga úr hegðunarferðleikum barna og unglunga. Tvær fjölskyldur kláruðu PMTO einstaklingsmeðferð sem stendur að jafnaði yfir í um 20 vikur. Ráðgjafar Áttunnar hafa einnig haldið foreldranámskeið í PMTO í samstarfi velferðar- og menntasviðs. PMTO námskeið eru fyrir foreldra barna með væga hegðunarferðleika. Engin námskeið voru haldin á árinu vegna fjöldatakmarkana sökum Covid-19.

Þjónusta Áttunnar var aukin á árinu til að koma til móts við foreldra barna með vægan hegðunarvanda. Foreldrar geta nú sótt um stuðningsviðtöl hjá ráðgjöfum Áttunnar bæði með því að hringja og fylla út umsókn á heimasíðu bæjarins. Á árinu fékk 21 fjölskylda stuðning með þessum hætti í 94 viðtölum.

Við upphaf Covid-19 faraldursins á vormánuðum 2020, buðu ráðgjafar Áttunnar upp á símaviðtöl fyrir foreldra sem fengu stuðning frá Barnavernd. Alls sinntu ráðgjafar Áttunnar 13 slíkum málum og fengu foreldrar 3-7 símaviðtöl, en alls voru viðtölin 56.

Gerð var þjónustukönnun meðal foreldra sem höfðu fengið þjónustu Áttunnar árið 2020. Allir þeir sem svöruðu töldu þjónustuna hafa komið að gagni og langflestir sáu jákvæðar breytingar á hegðun barna sinna.

Ráðgjafar Áttunnar eru fjórir í 3,40 stöðugildum. Lilja Rós Agnarsdóttir félagsráðgjafi veitir úrræðinu forstöðu.

SÁLFRÆÐINGAR BARNAVERNDAR

Sálfræðingar eru í 1,7 stöðugildum innan Barnaverndar en á árinu störfuðu þeir í 2 stöðugildum þar sem það var mögulegt tímabundið vegna skipulagsbreytinga. Í starfi þeirra er lögð áhersla á að veita börnum sálfræðiaðstoð í formi stuðnings- og meðferðarviðtala en foreldrum er einnig boðinn stuðningur og leiðsögn til að takast á við líðan, hegðun og aðstæður barnanna. Ástæður umsókna um sálfræðiviðtöl hjá sálfræðingi Barnaverndar geta verið margvíslegar, t.d. álag í lífi barns innan eða utan heimilis, tilfinninga- og/eða hegðunarvandi barns, samskiptavandi foreldra, skólaforðun og fleira. Hlutverk sálfræðings Barnaverndar er einnig að skima og meta þörf barnsins fyrir önnur stuðnings- og meðferðarúrræði. Mikil samvinna er við þá félagsráðgjafa Barnaverndar sem bera ábyrgð á málefnum fjölskyldu hvers barns.

Alls fengu 97 börn á aldrinum 5 - 19 ára viðtöl hjá sálfræðingum Barnaverndar, 38 drengir og 59 stúlkur. Börnin og foreldrar þeirra sóttu að meðaltali 8 viðtöl en heildarfjöldi viðtala var 811. Sálfræðingar Barnaverndar sóttu fundi í skólum, leikskólum eða með öðrum fagaðilum vegna málefna barnanna. Hægt er að sækja sérstaklega um viðtöl fyrir foreldra hjá sálfræðingum Barnaverndar. Tveir foreldrar sóttu sálfræðimeðferð á árinu. Sálfræðingar veita einnig handleiðslu til fósturforeldra. Viðtöl við fósturforeldra voru 15 á árinu.

Vegna Covid-19 þurftu sálfræðingar að aðlaga viðtöl að breyttum aðstæðum í samfélaginu og

sóttvarnaraðgerðum á vinnustaðnum. Í fyrstu bylgju faraldursins fóru mörg viðtöl fram í síma, inni á heimilum barnanna eða í útiveru eins og göngutúrum. Í seinni bylgjum var hægt að nýta aðstöðu á vinnustað eða í skólum barnanna.

Sálfræðingur er í heimilisofbeldisteymi Barnaverndar og sinnir viðtölum við börn sem hafa búið við heimilisofbeldi. 60 börn fengu sálfræðiaðstoð vegna heimilisofbeldis á árinu og fékk hvert þeirra 1 - 8 viðtöl. Sálfræðingurinn sat einnig fjölmörg viðtöl með foreldrum og félagsráðgjöfum til þess að ræða stöðu barna á heimilum og ráðleggja foreldrum varðandi líðan barnanna.

Sálfræðingur heldur utan um samráðsfundi heilsugæslunnar og BUGL. Í þessu þverfaglega samráðsteymi sitja sálfræðingar, hjúkrunarfræðingar og læknar frá heilsugæslustöðvum Kópavogs, skólahjúkrunarfræðingar hvers skóla í Kópavogi, fulltrúar frá Mennta- og Velferðarsviði Kópavogs (þjónustudeild fatlaðra og Barnavernd) og fulltrúar frá BUGL. Á samráðsfundum er þjónustu- og meðferðarþörf metin fyrir börn sem þurfa frekari stuðning frá BUGL, Barnavernd og/eða þjónustudeild fatlaðra.

Sálfræðingur heldur utan um tilkynningarhapp barna sem er í spjaldtölvum allra barna í 5.-10. bekk í Kópavogi. Þegar skilaboð berast hefur sálfræðingur samband við barn, metur ástæðu skilaboða og í samráði við barn eru frekari aðgerðir ákveðnar.

Sálfræðingar velferðarsviðs og menntasviðs hafa í samstarfi sviðanna haldið námskeið fyrir börn og unglunga með kvíðavanda. Á vorönn voru haldin námskeiðin Klókir litlir krakkar, Klókir krakkar og Haltu kúlinu. Klókir litlir krakkar er námskeið sem ætlað er foreldrum barna sem eru í ákveðnum áhættuhópi fyrir að þróa með sér kvíða. Klókir krakkar og Haltu kúlinu eru námskeið sem ætluð eru börnum og unglungum ásamt foreldrum þeirra sem í flestum tilvikum eru greind með kvíða. Námskeiðin á vorönn voru að hluta kennd í gegn um

fjarfundarbúnað vegna Covid-19. Ekki voru haldin námskeið á haustönn vegna samkomutakmarkana.

VISTHEIMILI

Samkvæmt 84. gr. Barnaverndarlaga skulu Barnaverndarnefndir hafa tiltæk úrræði svo sem vistheimili til að veita börnum móttöku í bráðatilvikum. Samningur er við einkaheimili í Kópavogi sem þjónar þessum tilgangi. Á árinu voru 9 börn á aldrinum 0-17 ára vistuð á heimilinu og dvöldu þau þar samtals í 505 daga. Tvö barnanna komu á vistheimilið ásamt foreldrum sínum eftir útskrift af fæðingardeild Landspítalans og dvöldu foreldrar á heimilinu í 271 dag til þjálfunar, stuðnings og eftirlits.

Börnin voru að meðaltali í 56 daga á vistheimilinu. Það barn sem var styst var í 1 dag en lengst var barn í 162 daga. Áhersla er lögð á að börnin sækji, eins og kostur er, heimaskóla sinn á meðan á vistun stendur, að þau sinni tómstundum sínum og haldi vinatengslum.

STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR, PERSÓNULEGIR RÁÐGJAFAR OG TILSJÓN

Samkvæmt 85. gr. Barnaverndarlaga skulu Barnaverndarnefndir hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur. Markmið stuðningsins er að tryggja öryggi barna, léttu álagi af börnum og fjölskyldum þeirra og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Heimilt er að vista barn hjá stuðningsfjölskyldu í allt að sjö daga samfelld en yfirleitt dvelja börn eina til tvær helgar í mánuði hjá stuðningsfjölskyldum sínum. Stuðningsfjölskyldur eru mikilvægt úrræði en skortur á þeim er þó viðvarandi. Á árinu fóru 16 börn til stuðningsfjölskyldna á vegum Barnaverndar.

15 börn fóru í Vinasetur á árinu en starfssemin var stopul vegna samkomutakmarkana. Úrræðið er helgarúrræði fyrir börn sem notað er þegar léttu þarf álagi af börnum og fjölskyldum þeirra. Úrræðið nýtist einnig vel þegar börn búa við félagslega einangrun. Í Vinasetri er lögð áhersla á

fjölbreyttar frístundir en einnig fastar hefðir og gott utanumhald.

Persónulegur ráðgjafi er úrræði sem veitt er samkvæmt Barnaverndarlögum. Ráðgjafarnir hafa það hlutverk að styrkja börn félagslega og tilfinningalega í tengslum við tómstundir, menntun og vinnu. Verkefni þeirra eru því fjölbreytt. Lögð er áhersla á að samband persónulegs ráðgjafa og barns byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd. Úrræðið reynist oftast vel og er mikið notað sem stuðningsúrræði í Barnavernd. 74 börn voru með persónulegan ráðgjafa á árinu.

Starfsmenn í tilsjón eru ráðnir á vegum Barnaverndar samkvæmt Barnaverndarlögum til að aðstoða fjölskyldur inni á heimilum þeirra. Stuðningurinn er margbættur en felst oftast í uppeldisráðgjöf, samstarfi við stofnanir sem fjölskyldan er í tengslum við og vinnu við skipulag heimilisins. 13 fjölskyldur fengu stuðning tilsjónar á árinu en að auki var óboðað eftirlit hjá 6 fjölskyldum og eftirlit með umgengni hjá 10 fjölskyldum.

BAKVAKTIR

Samstarf er við Hafnarfjörð og Garðabæ um bakvakt sveitarfélaganna. Samstarfið gengur vel og skipta sveitarfélögin vöktunum í samræmi við íbúafjölda. Sveitarfélögin taka öll þátt í verkefninu Saman gegn ofbeldi. Markmið verkefnisins er að veita þolendum heimilisofbeldis viðeigandi aðstoð og að senda þau skilaboð að heimilisofbeldi sé alvarlegt ofbeldi, hættulegt börnum og ekki liðið átölulaust í umhverfi þeirra.

Bakvaktin er neyðarvakt vegna Barnaverndarmála og er opin utan skrifstofutíma. Þegar erindi berst á bakvakt er metið hvort þörf er á tafarlausri aðstoð. Öll símtöl til vaktarinnar fara í gegnum Neyðarlínu 112. 102 tilkynningar bárust til Barnaverndar í gegnum Neyðarlínuna 112, 36 vegna stúlkna og 65 vegna drengja.

FÓSTUR

Með fósturi er átt við að Barnavernd feli fósturforeldrum umsjá barns í minnst þrjú mánuði. Fósturráðstafanir eru þrenns konar; tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Barn fer í tímabundið fóstur þegar ætla má að bæta megi hæfni foreldra. Tímabundið fóstur skal ekki vara lengur en tvö ár nema í undantekningartilvikum. Með varanlegu fósturi er átt við að ráðstöfunin haldist þar til forsjárskyldur falla niður samkvæmt lögum við 18 ára aldur barnsins. Barn fer í varanlegt fóstur þegar fyrirsjáanlegt er að aðstæður þess verði ekki bættar með öðrum hætti. Fóstur skv. 3. gr. Barnaverndarlaga þýðir að ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli laganna haldast eftir að börnin eru orðin 18 ára, allt til 20 ára aldurs. Styrkt fóstur á við þegar barn á við mikla hegðunarerfiðleika að etja og þörf er á sérstökum stuðningi við barnið.

Lögð er rík áhersla á heimsóknir til barna í fósturi sem og á samvinnu við fósturforeldra, bæði til eftirlits og stuðnings. Starfsmenn fóru í heimsókn á heimili 43 fósturbarna.

Á árinu fóru 4 börn í varanlegt fóstur, 13 börn í tímabundið fóstur og 2 börn í styrkt fóstur. Engu tímabundnu fósturi var breytt í varanlegt fóstur á árinu. Gerður var samningur um vistun 4 ungmenna skv. 3. gr. Barnaverndarlaga.

Í lok ársins voru 39 börn í fósturi; 13 í tímabundnu fósturi, 24 í varanlegu fósturi, 2 í styrktu fósturi og 6 í fósturi skv. 3. gr. Barnaverndarlaga þar sem þau voru orðin eldri en 18 ára.

SAMSTARF

HEIMILISOFBELDISTEYMI

Verkefnið Saman gegn ofbeldi er samstarfsverkefni sveitarfélaga og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um mál er varða heimilisofbeldi. Verkefnið er afar mikilvægt og tilkynningum um börn sem búa við heimilisofbeldi hefur fjölgað mikið frá upphafi verkefnisins eins og sjá má í myndaflokki 3.7. Tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgaði úr 140 árið 2019 í 216 árið 2020.

Heimilisofbeldisteymi sem skipað er 3 starfsmönnum Barnaverndar vinnur með mál barna sem búið hafa við heimilisofbeldi. Teymið leggur áherslu á þjónustu fyrir alla fjölskyldumeðlimi og er sérstaklega hlúð að börnum.

Í maí var HOF, nýtt úrræði Barnaverndar opnað. Úrræðið er fullbúin íbúð ætluð fyrir þolendur heimilisofbeldis og börn þeirra. Mögulegt er að dvelja í íbúðinni í allt að sex mánuði, en á þeim tíma gefst tækifæri fyrir fjölskylduna til að byggja sig upp, njóta stuðnings og vinna að annarri húsnæðislausn. Tvær fjölskyldur nýttu úrræðið á árinu.

LÖGREGLA

Barnavernd fær lögregluskýrslu ef lögregla hefur haft afskipti af barni, heimili þar sem barn býr, eða ef brotið er gegn barni. Flestar tilkynningar til Barnaverndar koma frá lögreglu. Samstarfi við lögreglu er þannig háttað að haldnir eru mánaðarlegir samstarfsfundir en lögreglan sendir einnig skýrslur vikulega til Barnaverndar. Auk þessa vinna Barnavernd og lögregla saman í einstaklingsmálum og starfsmenn Barnaverndar sitja yfirheyrslur yfir börnum hjá lögreglunni.

ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD FATLAÐRA

4



Heildarfjöldi stöðugilda í deildinni er 124,5. Á heimilum fatlaðra, áfangheimili og í sértækri heimaþjónustu eru 94 stöðugildi. Í Vinnu og virkni eru 25,2 stöðugildi. Á skrifstofu eru 3,5 stöðugildi ráðgjafa, 1 stöðugildi deildarstjóra og 0,35 stöðugildi umsjónarmanns stuðningsúrræða.

Deildarstjóri er Guðlaug Ósk Gísladóttir.

VERKSVIÐ


Hlutverk deildarinnar er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir. Samstarf er á milli deildarinnar og ýmissa stofnana, ráðuneytis, hagsmunasamtaka og annarra sveitarfélaga varðandi einstök verkefni og mótun málaflöksins til næstu ára. Helstu verkefni deildarinnar eru:

- Ráðgjöf
- Ferðabjónusta
- Félagsleg og frekari liðveisla
- Stuðningsfjölskyldur
- Skammtíamavistun
- Atvinnumál og rekstur vinnustaða
- Búsetumál og rekstur heimila
- Tillögur að umönnunarmati
- Styrkveitingar skv. 25 gr. laga nr. 38/2018

Þann 1. október 2018 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Með nýjum lögum var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi

fatlaðs fólks innleiddur. Í lögnum eru auknar eftirlitsskyldur í samræmi við sveitarstjórnarlög og leyfisveitingar til einkaaðila gerðar að skyldu. Þá er NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) þjónustuform við fatlaða lögfest. Á árinu hefur félagsmálaráðuneytið gefið út leiðbeinandi reglur til sveitarfélaga um ýmsa þjónustubætti sem kveðið er á um í nýjum lögum. Í nóvember 2019 samþykkti Kópavogsbær nýjar reglur um framkvæmd NPA.

Kostnaður við þjónustu við fatlað fólk sem sveitarfélagið tók við af ríkinu 2011 hefur vaxið jafnt og þétt í gegnum árin með vaxandi þjónustustigi. Fjármagn hefur ekki fylgt með frá ríkinu í sama mæli. Einnig má geta þess að lögboðin hlutdeild sveitarfélagsins í þessum þjónustubáttum hefur farið vaxandi og má því segja að yfirfærslunni hafi fylgt töluverður afleiddur kostnaður sem skýrir þá hluta af halla samkvæmt kostnaðartöflu 4.1. Stjórnunarkostnaður er settur inn til að sýna reiknaðan kostnað við heildar stjórnsýslu og er viðmiðunarprósenta sett sem 5% á kostnað.



SAMSTARF SVEITARFÉLAGA Á HÖFUÐBORGAR-SVÆÐINU

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eru í samstarfi um ákveðin verkefni og þjónustubætti velferðarþjónustu. Samráðshópur er skipaður sviðsstjórum velferðarþjónustu sveitarfélaganna á svæðinu og annast hann stjórn þeirra verkefna sem kveðið er á um og hefur samráð um framkvæmd þeirra. Í þessu samstarfi eru Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes.

Ráðgjafateymi á starfssvæði SSH starfar í umboði samráðshópsins samkvæmt erindisbréfi dags. 29. ágúst 2018. Teymið tók við af Mats- og inntökuteymi sem starfrækt var frá yfirfærslu málefna fatlaðra árið 2011. Ráðgjafateymið er skipað fulltrúum allra sveitarfélaganna, utan Reykjavíkur.

Hlutverk teymisins er að:

- vera samráðshópnum til ráðgjafar um álitamál og lausnir er varða þjónustu við fatlað fólk,
- skipuleggja og standa að fræðslu fyrir starfsfólk,

- forangsráða umsóknum um skammtíamavistun sem veitt er þvert á sveitarfélög,
- taka þátt í samráðshópi á vettvangi Vinnuálfstofnunar,
- vera vakandi fyrir þörf á umbótum í þeim málefnum er varða starfssvið teymisins.

Teymið hélt 11 fundi á árinu. Teymið vann meðal annars reglur um skammtíamavöl fyrir börn og ungmenni og reglur um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks á grundvelli nýrra laga frá 2018 og reglugerðar. Haldin voru ýmis námskeið í samstarfi við Starfsmennt, meðal annars nýliðanámskeið, námskeið í skyndihjálp, varnarviðbrögðum, þjónandi leiðsögn, kynvitund og sterk liðsheild, auk námskeiðs um nauðung og þvingun. Þá voru einnig haldnir starfsdagar og fundir innan hversrar starfsstöðvar.

Sveitarfélögin bera ábyrgð á innra eftirliti með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk samkvæmt 5. gr. laga frá 2018. Á síðasta ári samþykktu sveitarfélögin Kópavogur, Garðabær, Hafnarfjörður, Mosfellsbær og Seltjarnarnes að halda áfram samstarfi um innra eftirlit með starfsstöðvum í málefnum fatlaðs fólks. Þá samþykktu sveitarfélögin jafnframt að hækka stöðugildi eftirlitsaðila úr 50% í 100% vegna aukinna umsvifa þá sér í lagi vegna fjölgunar íbúðarkjörnum á svæðinu. Á árinu fór fram eftirlit í sex íbúðarkjörnum í Kópavogi og kom úttektin almennt vel út.

Tafla 4.1. Kostnaður og tekjur vegna yfirfærslu málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Tölur á verðlagi des 2020	2013	2015	2017	2019	2020
Tekjur	1.097.452.588	1.302.282.047	1.497.348.231	1.676.515.370	1.623.311.370
Framlög frá Jöfnunarsjóði	563.144.059	687.328.764	782.146.719	949.362.257	865.142.000
Hlutdeild í Útsvari 0,25%	299.410.472	330.349.008	394.695.886	466.314.687	477.408.407
Millirukkun og annað	234.898.056	284.604.275	320.505.627	260.838.426	280.760.963
Gjöld	1.103.429.095	1.380.056.306	1.676.367.930	1.948.862.360	2.137.522.210
Launakostnaður	24.009.773	19.799.191	26.141.809	37.194.336	40.897.122
Rekstur - vörukaup	270.291	57.479	261.953	127.255	536.626
Rekstur - þjónustukaup	4.668.548	4.805.318	642.927	6.369.841	13.543.110
Aðkeypt - millþjónusta	138.478.792	172.074.232	200.301.126	251.499.308	272.310.035
Reiknað afnot, styrkir og framlög	28.366.602	47.605.268	53.636.251	43.578.005	52.831.334
Stuðningsfjölskyldur	24.365.534	31.838.354	32.780.266	48.065.084	50.910.413
Ás - Kastalagerði	67.474.140	78.923.126	90.208.272	89.729.984	92.038.120
Heimili og íbúðakjarnar	445.061.494	548.544.016	788.535.644	921.494.988	967.562.455
Hrauntunga áfangahemili	59.462.009	78.458.182	79.699.428	87.882.340	83.412.235
Hæfingarstöðvar	174.183.131	213.144.676	224.174.935	163.022.941	161.927.683
Örvi starfsþjálfun	57.412.392	68.814.793	65.865.086	69.064.409	63.398.559
Frekari liðveisla og sértek heimabj.	79.676.389	115.991.670	114.120.231	230.833.869	338.154.518
Afkoma (-tap)	-5.976.507	-77.774.259	-179.019.699	-272.346.991	-514.210.840
Stjórnunarkostnaður (5%)	55.171.455	69.002.815	83.818.397	97.443.118	106.876.111
Afkoma m. stj.kostnaði (-tap)	-61.147.961	-146.777.074	-262.838.095	-369.790.109	-621.086.951

Gerðar voru kröfulýsingar fyrir heimili og íbúðarkjarna í Kópavogi en þær eru hluti af eftirliti með innra starfi. Í kröfulýsingu eru settar fram lánmarkskröfur sem gerðar eru til hvernar starfsemi s.s. ábyrgðar hlutaðeigandi aðila, í þjónustu við notendur og er varðar öryggisþætti. Kröfulýsingar taka einungis til þeirra þátta er varða starfsemina á hverjum tíma og eru sambærilegar fyrir öll heimilin í Kópavogi.

FJÖLDI NOTENDA

Á árinu nýttu 571 einstaklingar þjónustu velferðarsviðs, sem er fjölgun um 53 frá árinu 2019. Mynd 4.2. sýnir hlutfall notenda sem fengið hafa tiltekna þjónustu.

HEIMILI FYRIR FATLAÐ FÓLK

Í árslok voru 53 íbúar í Kópavogi í sérhæfðri búsetu. Kópavogsbær rekur fimm íbúðakjarna og fjögur herbergjasambýli, þar af eitt sem rekið er af Styrktarfélaginu Ás samkvæmt þjónustusamningi. Í byrjun ársins tók Kópavogsbær við rekstri heimilis að Kópavogsbraut samkvæmt samningi við félagsmálaráðuneytið um yfirfærslu þjónustu við

fjóra fatlaða einstaklinga. Með samningnum tók bærinn við þjónustu fyrrum íbúa Kópavogshælis og var samningurinn lokaáfangi í yfirfærslu sértækrar þjónustu ríkisins við fatlað fólk til sveitarfélaga.

Húsnæðisstefna til 12 ára í málefnum fatlaðra gerir ráð fyrir 62 nýjum búsetuúrræðum í mismunandi útfærslum; dreifðum félagslegum íbúðum, félagslegum leiguíbúðum í klasa og íbúðakjörnum með sólarhringsþjónustu. Gert er ráð fyrir að 30 einstaklingar bætist á biðlista á þessum árum og að biðlisti verði tæmdur í lok árs 2026. Samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir að nýr íbúðakjarni yrði tekinn í notkun á árinu 2018 en nú er ljóst að svo verður ekki fyrr en í byrjun árs 2022. Frá árinu 2011 hafa 14 íbúðir í og við kjarna þar sem veitt er sólarhringsaðstoð verið teknar í notkun, auk annarra félagslegra leiguíbúða.

Það komu upp Covid-19 smit á tveimur heimilum í Kópavogi, einn íbúi á hvoru heimili og nokkrir starfsmenn. Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemina og var farið í ýmsar fyrirbyggjandi aðgerðir m.a.; a) að skipta íbúum og starfsmönnum upp og hindra samgang eins og hægt var, b) takmarka heimsóknir inn á heimilin og

c) takmarka ferðir íbúa. Þá þurfti að auka við mönnum á heimilum þegar dagþjónustu- og vinnustaðir lokuðu.

Fyrir utan rekstur sérhæfðra búsetuúrræða er þjónusta veitt á heimilum notenda í formi liðveislu, frekari liðveislu, sértækrar heimaþjónustu og félagslegrar heimaþjónustu, hvort sem viðkomandi býr í eigin húsnæði, leiguíbúð á almennum markaði eða í félagslegri leiguíbúð.

NOTENDASTÝRÐ PERSÓNULEG AÐSTOÐ (NPA)

Á árinu 2018 var NPA lögfest sem eitt af þjónustuförum við fatlað fólk. Á árinu 2019 tóku í gildi nýjar reglur sveitarfélagsins sem settar voru á grundvelli nýrra laga, reglugerðar ráðuneytisins og handbók um notendastýrða persónulega aðstoð. Kópavogur hóf þátttöku í þessu verkefni á árinu 2012 og gerði samning við einn einstakling. Á árinu 2020 nýttu alls sex einstaklingar þetta þjónustuför. Tilhögun NPA þjónustu gerir viðkomandi notanda kleift að ráða sjálfur til sín aðstoðarfólk á grundvelli samnings við sveitarfélagið sem greiðir fjármagn í samræmi við samþykktan tímafjölda. Fjöldi NPA samninga er háður SIS-mati, samþykki velferðarráðuneytisins um 25 prósent greiðsluþátttöku og fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

STUÐNINGS-ÞJÓNUSTA

Þessi þjónusta tekur til félagslegrar liðveislu, frekari liðveislu, sértækrar heimaþjónustu, stuðningsfjölskyldna og skammtíamavistunar. Í sumum tilvikum hefur verið gerður þjónustusamningur milli notenda þjónustu og velferðarsviðs ef sýnt þykir að slíkt fyrirkomulag henti betur þörfum viðkomandi en hefðbundin þjónustuför. Samningarnir fela í sér greiðslur til notenda á grundvelli samþykkrar þjónustu


og er þeim ætlað að standa undir launakostnaði aðkeyprar þjónustu þar sem notendur ráða sjálfir til sín starfsfólk.


FÉLAGSLEG LIÐVEISLA

Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem hefur það markmið að rjúfa félagslega einangrun og auka félagslega fæmi einstaklinga. Þessi þjónusta var til staðar hjá sveitarfélaginu fyrir yfirfærslu málaflokksins árið 2011. Að jafnaði eru einstaklingum veittir 16 tímar í liðveislu á mánuði en hámarkstímafjöldi getur orðið allt að 36 tímum á mánuði samkvæmt reglum velferðarsviðs.

Mynd 4.3. sýnir að á árinu fengu 255 einstaklingar félagslega liðveislu. Þar af fengu tólf liðveislu á grundvelli þjónustusamnings sem er beingreiðslu-eða NPA-samningur. Heildarfjöldi liðveislutíma var 42.380. Þar af voru 6.212 tímar veittir á grundvelli beingreiðslu- og NPA samnings. Meðalfjöldi liðveislutíma á mánuði var um 12,7 tímar fyrir hvern einstakling. Af þeim sem nýttu sér liðveislu voru 123 einstaklingar 18 ára og eldri og 132 einstaklingar 17 ára og yngri. Árið 2019 fengu 212 einstaklingar liðveislu og var heildarfjöldi liðveislutíma 32.276. Einstaklingum 18 ára og eldri fjölga um 24 milli ára og þá fjölga um 19 í hópi barna og ungmenna. Þeim sem eru með liðveislu fjölga samtals um 43 á milli ára. Það fjölga í báðum hópum en fjölgunin er þó heldur meiri hjá einstaklingum 18 ára og eldri. Heimsfaraldur hafði umtalsverð áhrif á fjölda tíma í liðveislu. Það gekk vel að ráða liðveitendur til starfa vegna stöðunnar á atvinnumarkaði. Þá óskuðu margir notendur eftir fleiri tímum í liðveislu en lokanir í skólum, félagsstarfi og öðrum stofnunum hafði mikil áhrif á notendahópinn. Í lok árs voru 42 einstaklingur á biðlista eftir liðveislu en voru 51 í lok árs 2019. Heildarkostnaður vegna liðveislu á árinu var kr. 234.843.185,- en var kr. 170.085.763,- á árinu 2019 á uppreiknuðu verðlagi.

4.2. HLUTFALL NOTENDA MEÐ TILTEKNA ÞJÓNUSTU





FREKARI LIÐVEISLA

Með frekari liðveislu er átt við aðstoð við athafnir daglegs lífs, sem kemur til álitá þegar almenn þjónusta, félagsleg liðveisla og heimaþjónusta duga ekki til. Um er að ræða stuðning við fólk 18 ára og eldra. Mynd 4.4. sýnir fjölda einstaklinga sem notuðu frekari liðveislu árin 2015-2020 og heildarfjölda tíma. Á árinu fengu 23 einstaklingar frekari liðveislu, þar af tíu á grundvelli þjónustusamninga. Sex samningar voru um NPA, þar af komst einn nýr til framkvæmda á árinu. Heildarfjöldi tíma í frekari liðveislu var 58.569 þar af voru 50.410 veittir á grundvelli þjónustusamninga. Meðalfjöldi tíma í samningum var 420 tímar hjá hverjum einstaklingi á mánuði. Meðalfjöldi tíma í frekari liðveislu á mánuði var um 212 tímar þegar litið er til þjónustu við alla þá sem eru með frekari liðveislu. Þeir sem eru með umfangsmikla aðstoð nýta frekar samningsformið en þeir sem eru með minni aðstoð. Þá hefur þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð færst að einhverju leyti yfir í sértæka heimaþjónustu sem hóf starfsemi í byrjun árs 2018.


Fjöldi einstaklinga með frekari liðveislu fækkaði á milli ára úr 30 í 23, en meðalfjöldi tíma sem hver notandi fékk jókst á sama tíma úr 100 árið 2019 í 212 árið 2020. Notendum frekari liðveislu fjölgaði jafnt og þétt fram að árinu 2015 en hefur fækkað

eftir þann tíma. Skýrist fækkunin meðal annars af því að nokkrir einstaklingar sem voru með frekari liðveislu hafa flutt í íbúðakjarna. Aukning í tímafjölda skýrist af aukinni þjónustubörf sumra notenda. Þá hefur þjónustuform NPA tekið við af beingreiðslusamningum eða beinni aðstoð starfsmanna sveitarfélagsins. Þróun NPA samninga á landsvísi er að tímaeiningum í samningum fer fjölgandi. Þá koma 25% endurgreiðslur ráðuneytis vegna NPA samninga ekki til lækkunar hér þar sem greiðslur Jöfnunarsjóðs færast á annan kostnaðarlykil. Heildarkostnaður vegna frekari liðveislu var kr. 249.616.998,- en var kr. 169.268.431,- árið 2019 á uppreiknuðu verðlagi.

SÉRTÆK HEIMAÞJÓNUSTA

Í janúar 2018 var farið að stað með tilraunaverkefni um sértæka heimaþjónustu þar sem þjónusta er veitt alla daga frá morgni til kvölds. Á þessu ári nýttu 23 einstaklingar sér sértæka heimaþjónustu en 27 árið á undan. Stöðugildi voru 6,3 sem er aukning frá því á síðasta ári þegar þau voru 5,6. Ástæða þessa er að einstaklingum með umfangsmiklar þjónustubarfir fjölga á þessu tímabili.

Notendur þjónustunnar eiga það sammerkt að þurfa umtalsverðan og sérhæfðan stuðning vegna líkamlegrar og/eða andlegrar fötlunar. Með tilkomu úrræðis getur velferðarsvið betur mætt



þeim notendum sem þurfa umtalsverðan og allt að því daglegan stuðning. Á árinu kom sértæka heimaþjónustan t.a.m. að sólarhringsaðstoð við einstakling og sérhæfðu stuðningsúrræði í Barnaverndarmáli. Starfsmenn eru fastráðnir og heyra undir forstöðumann sértækra heimaþjónustu sem einnig veitir íbúðakjarnanum í Hörðukór forstöðu.

STUÐNINGSGJAFJÖLSKYLDUR


Á árinu nýttu 73 fjölskyldur barna í 1. - 3. umönnunarflokki stuðningsfjölskylduúrræði, þar af tvær fjölskyldur á grundvelli beingreiðslusamnings, sjá mynd 4.5. Þetta er fækkun frá síðasta ári þegar 76 fjölskyldur nýttu þetta úrræði. Að meðaltali voru 3 sólarhringar á mánuði nýttir hjá stuðningsfjölskyldu. Alls voru stuðningsfjölskylduúrræði í 4. og 5. umönnunarflokki nýtt fyrir 16 börn en á síðasta ári voru þau nýtt fyrir tíu börn. Í lok árs voru 11 fjölskyldur á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu, en 25 voru á biðlista árið á undan. Erfitt hefur verið að fá stuðningsfjölskyldur til starfa og hafa ættingjar oft og tíðum tekið slík störf að sér að uppfylltum skilyrðum velferðarsviðs. Í byrjun árs 2018 voru greiðslur til stuðningsfjölskyldna

hækkaðar og samræmdar. Áður höfðu greiðslur tekið mið af umönnunarflokki, en með breytingunni er gjaldið það sama óháð því hvaða umönnunarflokki barn tilheyrir. Litið er svo á að umönnun barns í 4. flokki geti verið jafn krefjandi og barns í 1., 2. og 3. flokki. Ef rök mæla með því er heimilt að veita sérstakar álagsgreiðslur til stuðningsfjölskyldna. Ákvörðun um slíkt er tekin á deildarfundi í þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra. Með breytingunum voru væntingar um að fleiri myndu sækja um að gerast stuðningsfjölskyldur en áður en sú varð ekki raunin. Heildarkostnaður vegna stuðningsfjölskylduúrræðis fatlaðra barna var 50.910.413,- en var 46.389.540,- árið 2019 á uppreiknuðu verðlagi.

ÞJÓNUSTUSAMNINGAR

Á árinu voru tíu þjónustusamningar gerðir við notendur á grundvelli úthlutaðra tíma til liðveislu, frekari liðveislu og stuðningsfjölskyldu. Þetta eru annars vegar beingreiðslusamningar og hins vegar NPA-samningar. Þar af voru þrjú vegna barna og sjö vegna einstaklinga 18 ára og eldri. Heildarkostnaður vegna allra þjónustusamninga á árinu var kr. 252.454.332,- en var kr. 124.243.853,- á síðasta ári.

4.5. FJÖLDI STUÐNINGSFJÖLSKYLDNA BARNNA Í 1.-3. FLOKKI FRÁ 2015 - 2020



SKAMMTÍMADVÖL

Skammtímadvöl er til þess ætluð að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og ungmenna með tímabundinni dvöl utan fjölskyldunnar. Þjónustan getur stuðlað að því að ungmenni búi lengur í heimahúsum, hún veitir tilbreytingu og getur í sumum tilvikum verið undirbúningur flutnings að heiman. Kópavogur hefur aðgang að tveimur skammtímadvölum og nýtir þær á grundvelli samstarfssamnings sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Í Garðabæ er rekin skammtímadvöl fyrir börn 17 ára og yngri og í Hafnarfirði er rekin skammtímadvöl fyrir 18 ára og eldri. Á árinu nýttu samtals 23 Kópavogsbúar sér skammtímavistun; 12 börn, í að meðaltali 3,6 sólarhringa í mánuði og 11 einstaklingar 18 ára og eldri, í að meðaltali 5,8 sólarhringa í mánuði. Fjöldi einstaklinga sem nýttu skammtímavistun stendur nokkuð í stað milli ára, þeim fækkar um einn. Meðalfjöldi sólarhringa fyrir ungmenni 18 ára og eldri fjölga á milli ára. Í lok árs voru 18 börn á biðlista eftir skammtímadvöl, börn sem eru í mikilli þörf fyrir slíkt úrræði. Málið var kynnt í velferðarráði í lok árs, en engin uppbygging slíkra úrræða hefur verið frá því að sveitarfélögin tóku við málaflokkum árið 2011. Heildarkostnaður vegna

skammtímavistunar var kr. 86.902.861,- en var kr. 80.886.423,- á síðasta ári á uppreiknuðu verðlagi.

Kópavogsbær rekur áfangaheimili í Hrauntungu fyrir ungt fólk sem dvelur þar tvær vikur í senn á tveggja vikna fresti. Þjónusta áfangaheimilisins er veitt á grundvelli samstarfssamnings milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og er heimilið ætlað sem undirbúningur fyrir ungt fólk sem er að flytja að heiman. Gert er ráð fyrir að ungmenni sem þar dvelja geti nýtt úrræðið í tvö til þrjú ár. Á áfangaheimilinu eru tíu einstaklingar, þar af þrjú úr Kópavogi þetta árið. Heildarkostnaður vegna rekstrar heimilisins var kr. 83.412.235,- sem dreifðist hlutfallslega á milli sveitarfélaganna á grundvelli nýtingar.

Á árinu 2019 gaf félagsmálaráðuneytið út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin á grundvelli nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu fyrir utan Reykjavík stóðu saman að gerð nýrra reglna um skammtímadvalir sem lagðar voru fram til samþykktar í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Reglurnar voru samþykktar í bæjarráði í apríl.

4.6. FJÖLDI FATLAÐRA OG ALDRAÐRA NOTENDA FERÐAÞJÓNUSTU FRÁ 2015 - 2020



FERÐAÞJÓNUSTA FATLAÐRA OG ALDRAÐRA

Í mars undirritaði Kópavogsbær samning við Teit Jónasson ehf. um ferðaþjónustu og tók sá aðili við af Efstahól ehf. þann 1. júní. Í mars 2018 undirrituðu Kópavogsbær og Blindrafélagið þjónustusamning til eins árs um ferðaþjónustu fyrir lögblinda Kópavogsbúa. Samningurinn var endurnýjaður, til þriggja ára í mars 2019. Í honum felst að lögblindir geta tekið leigubíla í stað almennrar ferðaþjónustu fatlaðra.

Starfsmenn meta allar umsóknir í samráði við notendur. Á mynd 4.6. sést að á árinu fengu 168 fatlaðir einstaklingar ferðaþjónustu. Heildarfjöldi ferða var 30.208 eða að meðaltali 15 ferðir á hvern farþega í mánuði. Farþegar voru 168. Af þeim sem nýttu ferðaþjónustu notuðu 22 einstaklingar leigubíl samkvæmt samningi við Blindrafélagið, en þeir voru 19 árið 2019. Á síðasta ári nýttu 170 fatlaðir einstaklingar sér ferðaþjónustu og var heildarfjöldi ferða 43.439 eða að meðaltali 21,3 ferðir á hvern farþega í mánuði. Farþegum fækkaði um tvo á milli ára en mikið dró úr ferðafjölda notenda vegna heimsfaraldurs.

Markmið akstursþjónustu fyrir eldri íbúa er að koma til móts við þarfir þeirra að uppfylltum skilyrðum og auka þar með sjálfstæði þeirra og lífsgæði. Um er að ræða ferðir til einkaerinda, vegna tímabundinnar lækni meðferðar eða endurhæfingar, í dagvist utan Kópavogs sem og ferðir í skipulagt félagsstarf á vegum bæjarfélagsins. Eins og mynd 4.5. sýnir notuðu 229 eldri íbúar ferðaþjónustu á árinu og var heildarfjöldi ferða 6.663 eða 2,4 ferðir að meðaltali á hvern einstakling sem er heldur minni nýting en á síðasta ári. Eldri farþegum fækkaði um 17 á milli ára og fjöldi nýttara ferða dróst saman. Af þeim sem nýttu ferðaþjónustu fengu 24 farþegar leigubílaakstur samkvæmt samningi við Blindrafélagið.

Samanlagður heildarfjöldi ferða á árinu var 36.871 en var 53.480 á árinu 2019.

Kostnaður sveitarfélagsins vegna ferðaþjónustu á árinu var kr. 123.081.178,- en var kr. 161.652.223,- árið 2019. Hluttur farþega yngri en 67 ára nam helmingi af fargjaldi Strætó, en hluttur eldri farþega nam 500 kr. fyrir hverja ferð að 16 ferðum í mánuði, en 1.000 kr. eftir það. Farþegar sem fá akstur samkvæmt samningi við Blindrafélagið greiða að lágmarki sem nemur fullu gjaldi í Strætó. Nemendur framhaldsskóla gátu keypt nemakort

fyrir skólaárið á gjaldi Strætó. Heildargreiðslur farþega voru kr. 8.906.005,- kr. árið 2020 miðað við kr. 14.618.139,- árið 2019 á uppreiknuðu verðlagi. Blindrafélagið sér um umsýslu vegna aksturs sinna félagsmanna þ.m.t. að innheimta gjald fyrir nýttar ferðir félagsmanna.

UMÖNNUNARMAT

Umönnunargreiðslur eru greiddar til foreldra fatlaðra barna. Greiðslurnar eru skattfrjálsar og greiddar út mánaðarlega og til þess ætlaðar að mæta útlögðum kostnaði foreldra vegna meðferðar barna svo sem þjálfunar, heilbrigðisþjónustu og greiðslna til sérfræðinga. Umönnunargreiðslur eru almennt veittar til 18 ára aldurs barna en í undantekningartilvikum til 20 ára aldurs.

Foreldrar fatlaðra barna geta sótt um umönnunargreiðslur til Tryggingarstofnunar ríkisins en ráðgjafar í málefnum fatlaðra hjá velferðarsviði Kópavogs veita umsögn og gera tillögur að umönnunarmati. Endanleg ákvörðun umönnunarmats er ávallt Tryggingastofnunar og annast hún allar greiðslur. Umönnunargreiðslur eru samþykktar til ákveðins tíma í senn og endurmetnar með reglulegu millibili. Á árinu veittu ráðgjafar umsögn og gerðu tillögur að umönnunarmati í 67 tilvikum samanborið við 63 tilvik á árinu 2019.

STYRKIR

Styrkjum er úthlutað einu sinni á ári samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og taka úthlutanir mið af fjárhagsáætlun og fjölda og eðli umsókna hverju sinni. Á árinu fengu 12 einstaklingar styrk og var hverjum úthlutað að meðaltali um 52.500 kr. Árið 2019 sóttu 11 um styrk og var úthlutað að meðaltali um 62.703 kr. á uppreiknuðu verði. Samkvæmt fjárhagsáætlun voru rúmlega 630.000 kr. ætlaðar til styrkveitinga.

Á árinu 2019 gaf félagsmálaráðuneytið út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin á grundvelli nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu stóðu saman að gerð nýrra reglna um styrki sem samþykktar voru í

hverju sveitarfélagi. Reglurnar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs í desember.

VINNUSTAÐIR

Vinnustaðir fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu eru ýmist reknir af sveitarfélögunum eða sjálfseignarstofnunum samkvæmt þjónustusamningum. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu reka átta vinnustaði, þar af rekur Kópavogsbær tvo; starfsþjálfunarstaðinn Örva og hæfingarstöðina við Dalveg.

Hafnarfjörður rekur hæfingarstöðvarnar Bæjarhraun og Geitungana. Í Mosfellsbæ eru tveir vinnustaðir; Skálatún og handverkstæðið Ásgarður. Reykjavík rekur hæfingarstöðina Gylfaflöt. Ás styrktarfélag rekur vinnustaði við Ögurhvarf í Kópavogi og Stjórnugróf í Reykjavík.

Markmið þjónustunnar er að veita vinnu og gefa kost á virkni sem miðar að því að auka hæfni til starfa og þátttöku í daglegu lífi.

Árið 2015 undirrituðu Velferðarráðuneytið, Vinnumálastofnun og Samband íslenskra sveitarfélaga viljayfirlýsingu um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks. Hún felur meðal annars í sér að aðgengi að öllum atvinnutengdum aðgerðum er á sama stað. Vinnumálastofnun tekur á móti öllum umsóknum um vinnu og metur færni einstaklinga. Samráðshópur sér um að fara yfir og koma með tillögur að úthlutun vegna umsókna um vinnu og virkni fatlaðs fólks sem berast Vinnumálastofnun. Samráðshópur er skipaður tveimur fulltrúum Vinnumálastofnunar og fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem reka vinnustaði fatlaðs fólks og eru tveir fulltrúar frá Reykjavík, einn frá Hafnarfirði, einn frá Kópavogi og einn frá Mosfellsbæ. Þá situr fulltrúi Áss styrktarfélags í samráðshópi á grundvelli þjónustusamnings við Reykjavíkurborg. Flestir sem sækja vinnu starfa hálfan daginn. Á árinu var unnið að innleiðingu nýs hugbúnaðar, Þula þjónustukerfi, vegna meðferðar umsókna um verndaða vinnu, hæfingu og virkniþjálfunar. Það var fulltrúi Vinnumálastofnunar og tveir fulltrúar sveitarfélaganna sem komu að þróun kerfisins. Með Þuluni má gera ráð fyrir auðveldari úrvinnslu og utanumhaldi umsókna.

Í desember voru 36 einstaklingar í vinnu í hæfingarstöðinni á Dalvegi, þar af 8 Kópavogsbúar. Í Örva sóttu 19 einstaklingar vinnu, þar af 7 Kópavogsbúar. Samtals sóttu því 55 vinnu í Kópavogi. Þá sóttu 33 Kópavogsbúar vinnu utan Kópavogs, hjá Ási styrktarfélagi og hjá nágrannasveitarfélögum.

Heimsfaraldur hafði áhrif á alla vinnustaði fyrir fatlað fólk að einhverju marki. Leitast var við að halda öllum stöðunum opnum, en ekki var komist hjá því að draga úr þjónustu þar sem vinnustöðum var skipt upp í sóttvarnarhólf og fjöldi starfsmanna á hverjum tíma takmarkaður. Þá vildu sumir starfsmenn ekki mæta til vinnu vegna faraldursins og undirliggjandi áhættuþátta.

Samkomulag er á milli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og Vinnumálastofnunar um atvinnu með stuðningi sem felur í sér að fatlað fólk sækir um vinnu til stofnunarinnar líkt og aðrir sem eru í atvinnuleit og fær aðstoð við að fá vinnu með stuðningi á almennum markaði.

LENGD VIÐVERA FRAMHALDSSKÓLANEMA

Hafnarfjarðarbær og Reykjavík reka lengda viðveru fyrir framhaldsskólanema þar sem ungmenni á höfuðborgarsvæðinu geta sótt félagsstarf eftir skóla, samkvæmt samningi við lögheimilisveitarfélag. Ungmenni í Reykjavík eiga forgang í Hitt húsið. Á árinu var úrræðið fullnýtt og var ekki hægt að bjóða nemendum frá öðrum sveitarfélögum aðgang að því. Sjö ungmenni frá Kópavogi nýttu Vinaskjól í Hafnarfirði.

Í lok árs 2019 lagði félagsmálaráðuneytið fram leiðbeiningar til sveitarfélaga um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni á grundvelli nýrra laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Í lögum er kveðið á um skyldur sveitarfélaga til að bjóða upp á frístundaþjónustu eftir skóla fyrir börn og ungmenni upp að 20 ára aldri. Þá eiga sveitarfélög að setja reglur um frístundaþjónustu á grundvelli leiðbeininga ráðherra.

ÁTTAN UPPELDISRÁÐGJÖF

Áttunni uppeldisráðgjöf er meðal annars ætlað að veita ráðgjöf til foreldra fatlaðra barna, en mikil eftirspurn er eftir slíkri þjónustu. Ráðgjöfin fer fram á heimili fjölskyldunnar þar sem foreldrum er veittur stuðningur og ráðgjöf varðandi uppeldi, jafnframt því sem þeir fá aðstoð við að koma á ákveðnu dagskipulagi, ef svo ber undir. Ráðgjöfin er veitt að jafnaði í þrjá mánuði í senn. Á árinu nýttu 26 fjölskyldur fatlaðra barna ráðgjöf frá Áttunni, en 28 á árinu 2019. Af þeim fengu 18 fjölskyldur hefðbundna ráðgjöf en 8 fjölskyldur fengur 4-6 viðtöl við ráðgjafa Áttunnar. Þessi þjónusta er í boði fyrir foreldra sem geta sótt um slíka ráðgjöf. Í desember voru 3 fjölskyldur á biðlista eftir ráðgjöf hjá Áttunni.

DVÖL

Dvöl er athvarf fyrir fólk með geðraskanir og er til húsa í Reynihvammi 43. Athvarfið tók formlega til starfa á Alþjóðlega geðheilbrigðisdeginum 10. október 1998 og var samstarfsverkefni Rauða krossins í Kópavogi, Kópavogsbæjar og Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Reykjanesi, en Kópavogsbær tók alfarið við rekstrinum í janúar 2013.

Í Dvöl koma gestir á eigin forsendum og oft með stuðningi til að njóta samveru við aðra. Í starfinu er áhersla lögð á að efla sjálfstæði og virkni gesta. Samstarf er við Kópavogsdeild Rauða krossins sem kemur að starfsemi með því að útvega sjálfboðaliða í athvarfið. Fjöldi gesta var að meðaltali 6 á dag. Gestir geta keypt heitan mat í hádeginu og nýttu að meðaltali 4 gestir sér það daglega.

Vegna Covid-19 var athvarfinu lokað frá mars og fram í maí. Eftir að það opnaði aftur var heimsóknum tvískipt til að byrja með, fyrir og eftir hádegi og þá var enginn hádegismatur. Starfsemin komst aftur í eðlilegt horf um haustið.

ÞJÓNUSTU- OG RÁÐGJAFARDEILD ALDRAÐRA

5



Í lok árs starfaði 81 starfsmaður í deildinni í 62,2 stöðugildum. Í félagslegri heimaþjónustu voru 45 starfsmenn í 35,2 stöðugildum, þar af 4 starfsmenn í 4,0 stöðugildum í innlitum og tveir í tímavinnu samkvæmt samningi um aðstandendastuðning. Í Roðasölum voru 30 starfsmenn í 21 stöðugildi. Að auki er greitt fyrir 7,8 stöðugildi félagsliða sem starfa undir stjórn Heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins samkvæmt þjónustusamningi frá árinu 2008. Á skrifstofu voru 6 starfsmenn í 6,0 stöðugildum; deildarstjóri, félagsráðgjafi, iðjuþjálfari og þrír þjónustustjórar félagslegrar heimaþjónustu.

Deildarstjóri er Anna Klara Georgsdóttir.

Meginverkefni deildarinnar eru annars vegar félagsleg heimaþjónusta og ráðgjöf varðandi málefni aldraðra og hins vegar rekstur hjúkrunarheimilis og dagþjálfunar fyrir aldraða með heilabilun í Roðasölum 1. Ráðgjöf felst í almennri leiðsögn varðandi réttindi og þjónustu sem öldruðum stendur til boða, stuðningur við að sækja um þjónustu, félagslega ráðgjöf og heimavitjanir iðjuþjálfara sem aðstoðar íbúa við að panta og setja upp hjálpartæki á heimili sínu. Önnur helstu verkefni varða samstarf við aðrar stofnanir, fræðslu um málefni og þjónustu við aldraða, þátttöku í stefnumótun og áætlanagerð í málaflokknum, aðkomu að úthlutun félagslegra leiguíbúða og fleira.

Á mynd 5.1. má sjá þróun kostnaðar í deildinni síðastliðin sex ár hvað varðar rekstur skrifstofu og heimaþjónustu á uppreiknuðu verðlagi ársins 2020.


Kópavogsbúar 67 ára og eldri voru í árslok 5.166 talsins og hafði þeim fjölgað um rúm 4 prósent á milli ára. Hlutfall aldraðra er nú 13,5 prósent af heildarfjölda bæjarbúa. Á mynd 5.2. má sjá fjölgunina sem orðið hefur í þessum aldurshópi á síðustu fimm árum.

Aldursbreidd aldraðra Kópavogsbúa spannar 36 ár, þeir yngstu eru 67 ára en sá elsti er 103 ára. Mynd 5.3. sýnir aldursskiptinguna, annars vegar í lok árs 2015 og hins vegar í árslok 2020. Aukning í hópi


5.1. KOSTNAÐUR Í ÞJÓNUSTUDEILD ALDRAÐRA OG HEIMAÞJÓNUSTU 2015 - 2020



5.2. FJÖLDI KÓPAVOGSBÚA 67 ÁRA OG ELDRÍ OG HLUTFALL AF HEILDARFJÖLDA ÍBÚA



5.3. ALDURSSKIPTING KÓPAVOGSBÚA 67 ÁRA OG ELDRÍ



íbúa yfir nírhæðu var 62% á þessu fimm ára skeiði og hefur fjöldi íbúa 95 ára og eldri tvöfaldast. Aukning í hópi íbúa 85 ára og eldri var 24% og eru þeir nú um 14% aldraðra í bænum. Eðli málsins samkvæmt er það sá hópur sem mesta þörf hefur fyrir þjónustu og stuðning.

er hægt að stuðla að áframhaldandi sjálfstæðri búsetu með því að veita aðstoð við almenn dagleg verkefni auk þess sem félagslegri virkni er viðhaldið. Við framkvæmd þjónustunnar er, í samráði við notendur, lögð áhersla á að hvetja þá til virkni. Áhersla er því lögð á þátttöku í þeim verkefnum sem unnin eru á heimilinu, s.s. við afþurrkun, frágang eða rúmfataskipti eftir getu. Í þessu skyni eru starfsmenn eflir í hlutverki sínu til að hvetja einstaklinga til virkni. Rannsóknir hafa itrekað sýnt fram á mikilvægi þess að aldraðir séu líkamlega og andlega virkir og því getur skipt sköpum fyrir einstaklinga að sinna nauðsynlegum verkefnum eins lengi og þeir hafa tæk á.

FÉLAGSLEG HEIMAÞJÓNUSTA

Félagsleg heimaþjónusta er veitt samkvæmt lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1991.


Félagslegri heimaþjónustu má skipta í eftirfarandi þjónustupætti:

- Aðstoð við heimilishald
- Innlit
- Heimsendur matur

Félagsleg heimaþjónusta er veitt íbúum sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald eða daglegar athafnir vegna skerðinga eða félagslegra aðstæðna. Markmið heimaþjónustu er að styrkja notendur til sjálfsbjargar og gera þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimilum við sem eðlilegastar aðstæður. Með þjónustunni

Í lok árs var félagsleg heimaþjónusta veitt á 730 heimilum, þar af 650 heimilum aldraðra. Miðað við að á 26 prósentum heimila búi tveir einstaklingar, samanber skiptingu umsækjenda um heimaþjónustu, má gera ráð fyrir að tæplega 16% aldraðra Kópavogsbúa hafi verið með heimaþjónustu í árslok. Þjónustustjórar stýra félagslegri heimaþjónustu og er bæjarfélaginu skipt í þrjú þjónustuverfi, sem hvert heyrir undir einni þjónustustjóra.



Af þeim sem fengu félagslega heimaþjónustu í árslok var eldra fólk í miklum meirihluta, eða



tæplega 90 prósent. Þeir sem yngri eru fá þjónustu vegna fötlunar, veikinda eða félagslegra erfiðleika, ýmist tímabundið eða ótímabundið. Fjórðungur þeirra sem fær heimaþjónustu er á aldrinum 85 – 89 ára, en 57 prósent notenda eru 80 ára eða eldri.

Mynd 5.4. sýnir meðalfjölda heimila sem fékk félagslega heimaþjónustu í formi aðstoðar við heimilishald, innlita og heimsends matar á mánuði árin 2018-2020. Fjöldi heimila sem fær aðstoð við heimilishald hefur haldist svipaður undanfarin ár, en töluverð aukning varð á fjölda þeirra sem fengu innlit og heimsendan mat.

Á mynd 5.5. má sjá fjölda heimila sem þáðu aðstoð við heimilishald, innlitsþjónustu og heimsendan mat í hverjum mánuði á árinu. Tölur um aðstoð við heimilishald miða við gjaldtökutímabilið; 15. hvers mánaðar til 14. þess næsta, en tölur um innlit og heimsendan mat miðast við almanaksmánuði. Eins og myndin sýnir varð aukning á öllum þjónustubáttum frá upphafi árs. Þær dýfur sem sjá má í fjölda þeirra sem fengu aðstoð við heimilishald á árinu skýrast annars vegar af verkfalli Eflingar í mars og hins vegar af sumarlokun í júlí, en þá var einungis veitt þjónusta til þeirra sem teljast vera í meðal eða mikilli þörf.



Verkföll Eflingarstarfsmanna og Covid-19 höfðu áhrif á fjölda þeirra sem fengu aðstoð við heimilishald á árinu, þar sem færri fengu eða þáðu þjónustu. Hið gagnstæða á við þegar lítið er til heimsends matar; þar varð töluverð aukning samhliða samkomutakmörkunum. Innlitsþjónusta er veitt þeim sem þarfnast aðstoðar við athafnir daglegs lífs og teljast vera í meðal eða mikilli þörf fyrir þjónustu. Sú þjónusta féll ekki niður í verkföllum og sumarleyfi og hún var nær ekkert afþökkuð þrátt fyrir faraldurinn.

UMSÓKNIR UM FÉLAGSLEGA HEIMAÞJÓNUSTU


Umsóknir um þjónustu berast rafrænt eða skriflega. Umsóknum þurfa að fylgja staðfesting fagaðila á þjónustubörf og tekjuupplýsingar ef sótt er um gjaldskylda þjónustu, þ.e. aðstoð við heimilishald.

Farið er yfir umsóknir og niðurstöður þjónustumats á málafundum deildarinnar sem að jafnaði eru haldnir vikulega. Haldnir voru 44 málafundir á árinu þar sem teknar voru fyrir 274 umsóknir 363 einstaklinga. Er það aukning frá árinu 2019 þegar 227 umsóknir 306 einstaklinga voru teknar fyrir. 77 umsóknir, eða 28% allra umsókna, voru um aukningu á þjónustu samanborið við 23% umsókna árið 2019. Á mynd 5.6. má sjá að 197 umsóknir voru nýjar, sem er aukning frá fyrri árum. Teymisfundi þjónustu- og ráðgjafardeildar aldraðra

sitja teymisstjórar félagslegrar heimaþjónustu, félagsráðgjafi, iðjubjálfi og deildarstjóri. Lagðar eru fyrir og ræddar umsóknir, læknisvottorð og þjónustumat sem framkvæmt er af starfsmönnum. Þjónustumat felur í sér heimsókn til umsækjanda þar sem lagt er fyrir RAI Homecare mat. Útkoma þess styður við faglegt mat starfsmanna þegar þjónusta er úthlutað og henni forgangsraðað. Notaðar eru 36 breytur til að reikna út þjónustuflokk einstaklings, svokallað MAPLe skor (Method for Assigning Priority Levels). Þær 36 breytur sem reikniritið byggir á tengjast eftirfarandi þáttum; færni, vitræn geta og hegðunartruflanir, ráf og föll, kyngingargeta, hæfni til ákvarðanatöku, þrýstingssár og bláæðasár, máltíðir, að matbúa og sjá sjálfur um lyfjatiltekt.

Skilgreining á þjónustubörf samkvæmt MAPLe flokkunum:


- MAPLe 1:** Lítil þörf. Sjálfstæði í ákvörðunum og góð andleg og líkamleg færni.
- MAPLe 2:** Væg þörf. Væg færniskerðing í heimilishaldi, þarf ekki aðstoð við matseld.
- MAPLe 3:** Meðal þörf. Skert færni í heimilishaldi, lyfjatiltekt, væg ADL skerðing.
- MAPLe 4:** Mikil þörf. Skert vitræn geta eða ADL færni, kyngingarvandi, dettni.
- MAPLe 5:** Mjög mikil þörf. Verulega skert vitræn geta og ADL færni, hegðunarvandi.



Á árinu var RAI mat lagt fyrir 257 umsækjendur, eða fyrir 68% allra umsækjenda. Árið 2019 var matið lagt fyrir 81% umsækjenda. Er þessi fækkun í takt við aukningu á endurteknum umsóknum, þ.e. einstaklingar sem búið er að meta sækja um aukningu á þjónustu eða framlengingu á tímabundinni þjónustu. Þegar umsókn berst í gegnum þjónustudeild fatlaðra, félagslega ráðgjöf eða Barnavernd, eða þegar umsækjendur glíma við alvarleg veikindi eða fötlun, er matið ekki lagt fyrir. Mynd 5.7. sýnir skiptingu umsækjenda í MAPLe flokka árin 2019 og 2020.

Eins og myndin sýnir voru 35% í fjórða og fimmta flokki, sem gefur vísbendingar um að einstaklingur þurfi langtímvistun og að mikið álag sé á umönnunaraðilum/ættingjum. Árið 2019 voru það 43% umsækjenda. 37% umsækjenda teljast vera með litla þörf (MAPLe 1), samanborið við 32% árið áður, en þónokkur hluti þeirra eru makar einstaklinga sem hafa meiri þjónustubörf.

62% umsókna voru aðeins um aðstoð við heimilishald og þríf, 16% umsókna voru aðeins um innlitsþjónustu og 23% um hvort tveggja.



TAFLA 5.1. SKIPTING UMSÆKJANDA EFTIR HVERFUM

Hverfi	Svæði	2019		2020	
		Fjöldi umsókna	Hlutfall	Fjöldi umsókna	Hlutfall
Hverfi 1	Vesturbær: Kársnes og Lundur	59	26%	109	40%
Hverfi 2	Austurbær: Frá Digranesvegi að Lindum, Smárar utan Gullsmára	79	35%	67	24%
Hverfi 3	Efri byggð: Gullsmári, Salir, Kórar, Hvörf og Þing	89	39%	98	36%
		227	100%	274	100%

Aldursdreifing umsækjenda um heimaþjónustu var sambærileg við síðasta ár, en hlutfall ungra umsækjenda er hærra en ungra einstaklinga sem þegar eru með þjónustu (sjá mynd 5.8).


176 umsóknir voru frá einstæðum einstaklingum, eða 64% sem er sama hlutfall og árið áður. Konur voru eins og áður í meirihluta þeirra sem sóttu um þjónustu, eða 60%. Í töflu 5.1 má sjá skiptingu umsækjenda eftir hverfum þar sem stærsti hluti umsókna á árinu barst úr vesturbæ, sem er breyting frá árinu 2019 þegar flestar umsóknir bárust úr efri byggð.

Í lok árs var um fjögurra vikna bið eftir aðstoð við heimilishald eftir að umsókn og tilskilin fylgigögn voru móttækin. Unnt var að veita innlitsþjónustu nær um leið og umsókn barst, enda er sú þjónusta sveigjanlegri og oft veitt tímabundið.

AÐSTOÐ VIÐ HEIMILISHALD

Grunnþjónusta félagslegrar heimaþjónustu og sú þjónusta sem aldraðir þurfa oft fyrst á að halda er aðstoð við heimilishald. Í því felast þríf á þeim rýmum sem eru í daglegri notkun með áherslu á eldhús og salerni, gólf og afþurrkun, sem og búðarferðir. Lögð er áhersla á að virkja notendur til þátttöku eins og þeim er unnt. Greitt er tímagjald fyrir aðstoð við heimilishald samkvæmt gjaldskrá sem uppfærð er og samþykkt í bæjarstjórn ár hvert. Meðalfjöldi tíma á hverju heimili var tæplega 4 tímar á mánuði, sem er í samræmi við síðustu ár.

Árið 2020 var aðstoð við heimilishald veitt á 906 heimilum, en þau voru 907 árið áður svo engin marktæk breyting varð þar á. Að meðaltali fengu 633 heimili þjónustu á mánuði. Mynd 5.9. sýnir fjölda heimila sem fengið hafa þjónustu á árunum



2015 til 2020. Þeim hefur fjölgað um tæplega sjö prósent yfir tímabilið, en öldruðum íbúum bæjarins fjölgaði á sama tíma um 26 prósent.

Í lok sumars tók bæjarráð ákvörðun um að hluti félagslegrar heimaþjónustu í formi ræstinga í heimahúsum yrði boðinn út. Fjórir aðilar buðu í verkið og samþykkti bæjarráð á fundi sínum þann 15. október að ganga til samninga við lægstbjóðanda, Daga hf. Tók fyrirtækið yfir þjónustu á allt að 160 heimilum þann 1. nóvember. Um er að ræða heimili notenda sem aðeins þurfa aðstoð við heimilishald, en ekki félagslegan stuðning, og gjarnan eru notendur ekki heima við þegar þrífín fara fram heldur í dagþjálfun. Markmið þessara breytinga var annars vegar að bjóða upp á stöðugri þjónustu fyrir þennan hóp notenda, enda auðveldara fyrir þjónustuaðilann að útvega afleysingu vegna fjarvista starfsmanna og hins vegar að efla starfsmenn heimaþjónustunnar í félagslegri þjónustu og þeirri áherslu sem lögð er á hjálp til sjálfshjálpar.

INNLIT

Innlitsþjónusta er veitt vegna heilsufars eða félagslegra aðstæðna. Innlit eru í flestum tilfellum veitt til viðbótar við aðstoð við heimilishald og gjarnan til skemmri tíma vegna veikinda eða slysa. Í innlitsþjónustu felst aðstoð við innkaup, félagsleg samvera s.s. gönguferðir og spjall, stuðningur í ferðaþjónustubíl, aðstoð á matmálstímum, fylgd í félagsstarf, aðstoð við klæðnað og fleira. Ekki er greitt fyrir innlitsþjónustu. Innlitsþjónusta á vegum velferðarsviðs er veitt á dagvinnutíma en þjónusta sem veitt er á kvöldin og um helgar er stýrt af Heimahjúkrun höfuðborgarsvæðisins á grundvelli samstarfssamnings við bæjarfélagið. Starfsmenn innlitsþjónustu eru fjórir, auk þess sem starfsmaður í Roðasölum sinnir innlitsþjónustu til einstaklinga með heilabilun sem bíða eftir dagdvalarrými í Roðasölum eða fara þangað í hvíldarinnlagir.

Meðalaldur einstaklinga sem fengu innlitsþjónustu á árinu var 83 ár og var þjónustan veitt til viðbótar við aðstoð við heimilishald hjá öllum nema sex. 60%

notenda voru 80 ára eða eldri og 75% þeirra voru konur.

Árið 2020 var innlitsþjónusta veitt á 130 heimilum í Kópavogi, að jafnaði á 77 heimilum í hverjum mánuði samanborið við 65 heimili árið áður. Heildarfjöldi vitjana jókst úr 4.476 í 5.708 samhliða starfsmanni sem hóf störf í lok árs 2019 og sinnir innlitum frá Roðasölum. Meðallengd hvernar vitjunar var tæplega 50 mínútur, sem er sama lengd og árið áður.

Meðalfjöldi veittra tíma var 5,7 tímar á mánuði, sem er aukning úr 5,0 tímum árið 2019. Rúmlega 40% notenda fengu þjónustu daglega, samanborið við þriðjung notenda árið áður.


Í árslok var innlitsþjónusta veitt til 88 einstaklinga. Af þeim hópi töldust 85% vera í brýnni þörf fyrir þjónustu og tilheyra því flokki I skv. reglum um félagslega heimaþjónustu. Í því felst að þjónustan er í forgangi og má ekki falla niður. Þrír notendur voru með samþykkt færni- og heilsumat og sjö voru í umsóknarferli um slíkt mat.

AÐSTANDENDA-SAMNINGAR

Í júní voru samþykktar nýjar reglur um félagslega heimaþjónustu sem gera ráð fyrir því að í undantekningartilvikum sé heimilt að ráða aðstandanda sem starfsmann heimaþjónustu í tímavinnu. Er slíkt samþykkt gerð að undangengnu þjónustumati og bæði með staðfestingu ráðgjafa á því að slíkt fyrirkomulag henti best við núverandi aðstæður sem og samþykki notanda. Gerðir voru tveir slíkir samningar á árinu, en í bæði skipti var um að ræða notendur sem vegna aðstæðna treysta sér ekki til að þiggja þjónustu frá öðrum en sínum nánustu.

HEIMSENDUR MATUR

Heimsendur matur er ætlaður þeim sem ekki geta eldað sjálfir eða sótt hádegisverð í félagsmiðstöðvar aldraðra. Þjónustan er sveigjanleg og hægt er að pantta mat til skemmri eða lengri tíma. Matarbakkar



eru keyrðir heim í hádeginu alla daga ársins og er greitt fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá sem uppfærð er árlega. Maturinn er keyptur hjá Veislulist sem einnig sér um útkeyrslu hans. Að meðaltali nýttu 159 heimili sér matarsendingar á mánuði, sem er 42% aukning frá árinu 2019, þegar fjöldinn var 112, sjá mynd 5.10. Mikil aukning var í aðsókn að þjónustunni á vormánuðum og svo aftur í október, í takt við auknar samkomutakmarkanir og lokanir í félagsmiðstöðvum aldraðra vegna faraldursins eins og mynd 5.10. sýnir. Heildarfjöldi afhentra matarskammta á árinu var 33.506, að meðaltali 2.792 á mánuði. Heildarfjöldi skammta var 20.765 árið 2019, að meðaltali 1.730 á mánuði.

Aldraðir eru hvattir til að nýta sér hádegisverð í félagsmiðstöðvum ef þeir hafa getu til, til þess að eiga samveru, efla félagsleg tengsl og auka virkni. Að meðaltali borðuðu rúmlega 100 manns hádegisverð í félagsmiðstöðvum aldraðra á degi hverjum. Félagsmiðstöðvarnar eru á þremur stöðum í bænum. Að meðaltali komu um 58 manns í mat í Boðarþing, 26 manns í Gullsmára og 18 í Gjábakka á hverjum virkum degi. Ekki var boðið upp á mat í félagsmiðstöðvum í mars og apríl og eftir að mötuneytin opnuðu aftur tók nokkurn tíma þar til aðsókn varð aftur eins og áður. Árin 2018 og 2019 borðuðu að meðaltali um 140 manns hádegisverð í félagsmiðstöðvunum á degi hverjum.

ÆFINGAR Í HEIMAHÚSI

Þann 19. mars var undirritaður samningur við Sóltún Heima um áskrift að æfingakerfinu Digi Rehab. Um var að ræða tilraunaverkefni til 24 vikna með það að markmiði að efla styrk, hreyfifærni og virkni aldraðra í bæjarfélaginu. Verkefnið felur í sér að starfsmaður heimaþjónustu, sem hlotið hefur til þess þjálfun, kemur heim til þátttakanda tvisvar í viku yfir 12 vikna tímabil og styður viðkomandi við að gera æfingar í um 20 mínútur í senn. Æfingarnar eru sérsníðnar að líkamlegri færni hvers þátttakanda út frá æfingakerfinu Digi Rehab. Kerfið var búið til í Danmörku og bjóða mörg sveitarfélög upp á þjónustuna þar með góðum árangri. Ávinningur eftir aðeins 12 vikna þjálfun er t.d. að þátttakandi á auðveldara með að snúa sér í rúmi og standa upp, minnkar þörf á gönguhjálpartækjum og eykur jafnvægi og öryggi við gang, auk þess sem þátttakendur verða oft virkari í félagsstörfum eða hreyfingu.

Kópavogsbær er fyrsta sveitafélagið hér á landi til að bjóða upp á þessa þjónustu og til stóð að bjóða tveimur 15 manna hópum að taka þátt í verkefninu á árinu. Vegna faraldursins var þó einungis unnt að veita þjónustuna til annars hópsins, en seinni hópurinn mun fá þjónustu á næsta ári og verður árangur metinn að því tímabili loknu.

FERÐAÞJÓNUSTA ALDRAÐRA

Markmið akstursþjónustu fyrir eldri íbúa er að koma til móts við þarfir þeirra að uppfylltum skilyrðum og auka þar með sjálfstæði þeirra og lífsgæði. Um er að ræða ferðir til einkaerinda, vegna tímabundinnar lækni meðferðar eða endurhæfingar, í dagvist utan Kópavogs svo og ferðir í skipulagt félagsstarf á vegum bæjarfélagsins. Það voru 229 eldri íbúar sem nýttu sér ferðaþjónustuna á árinu og var heildarfjöldi ferða 6.663 eða 2,4 ferðir að meðaltali á hvern einstakling sem er heldur minni nýting en á síðasta ári. Eldri farþegum fækkaði um 17 á milli ára og fjöldi nýttara ferða dróst saman. Af þeim sem nýttu ferðaþjónustu fengu 24 farþegar leigubílaakstur samkvæmt samningi við Blindrafélagið.

SAMSTARF VIÐ HEIMAHJÚKRUN

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og Kópavogsbær gerðu með sér þjónustusamning í október 2008 sem endurskoðaður hefur verið þrisvar sinnum, síðast þann 23. september 2020. Í samningnum felst að Kópavogsbær leggur til 7,8 stöðugildi félagsliða sem stýrt er af heimahjúkrun, þar af eitt stöðugildi vegna veikinda og sumararfleysinga.


Í lok ársins voru 299 Kópavogsbúar skráðir í heimahjúkrun. Þeir skiptust á milli fimm teyma sem samanstanda af hjúkrunarfræðingi, sjúkraliðum og félagsliða. Þrjú félagsliðar starfa á dagvöktum, tveir á kvöldvöktum og þrjú á morgunvöktum um helgar. Störf félagsliða eru fjölbreytt en þau helstu eru lyfjagjafir, aðstoð við að klæðast, aðstoð við næringu á matmálistímum, aðstoð við það, aðstoð við innkaup og að fara út að ganga með skjólstæðingum. Oftar en ekki þarf að sinna fleiri en einum þætti í hverri vitjun, þ.e. skjólstæðingur þarf t.d. aðstoð við að klæðast, lyfjagjafir og næringu.

Félagsliðarnir sinna um 20 einstaklingum á dagvöktum virka daga, um 35 einstaklingum hvert kvöld og um 50 einstaklingum hvern rauðan dag. Í hverri viku fara því félagsliðar að jafnaði í um 445 vitjanir og sinna um 741 verki. Mjög mismunandi er hve mikla þjónustu hver og einn skjólstæðingur þarf en það getur verið frá einu sinni í viku upp í þrisvar sinnum á dag.

Árið 2019 var fyrsta árið sem vitjanir félagsliða voru greindar sérstaklega. Heildarfjöldi samskipta félagsliða árið 2019 þ.e. vitjana og símtala voru 22.630 við 758 einstaklinga en 22.375 við 693 einstaklinga árið 2020. Lítil breyting hefur orðið á fjölda samskipta, en einstaklingum fækkar aðeins milli ára.

Fyrir tveimur árum tók endurhæfingarteymi heimahjúkrunar til starfa. Það er fjölfaglegt teymi iðjubjálfa, hjúkrunarfræðings, sjúkraliða, félagsliða og sjúkráþjálfara. Markmið þessa teymis er að endurhæfa og efla einstaklinga til að geta búið áfram heima og verið sem mest sjálfbjarga. Þjónusta er að jafnaði veitt í um 6 vikur og eftir það er einstaklingurinn útskrifaður ýmist sjálfbjarga eða í aðra þjónustu. Á árinu tók endurhæfingarteymið inn 228 einstaklinga og búa um 44% þeirra í Kópavogi. Eins og mynd 5.11. sýnir útskrifast um 65% skjólstæðinga teymisins sjálfbjarga, um 18% þurfa aukna þjónustu heimahjúkrunar og um 10% útskrifast í félagslega þjónustu. Er því ljóst að vinna teymisins skilar góðum árangri.

5.11. NIÐURSTAÐA VIÐ ÚTSKRIFT ÚR ENDURHÆFINGARTEYMI HH 2020



ROÐASALIR

Í Roðasölum 1 rekur Kópavogsbær hjúkrunarsambýli og sérhæfða dagþjálfun fyrir aldraða einstaklinga með heilabilun. Á sambýlinu búa tíu einstaklingar, auk þess sem eitt hvíldarrými er á heimilinu. Einn einstaklingur flutti á heimilið á árinu og 26 einstaklingar komu í hvíldarinnlögn, sem jafngildir 88% nýtingu, en hvíldarrýminu var lokað í 6 vikur á árinu vegna sóttvarnarreglna.

Takmarkanir á heimsóknum voru töluverðar, en þær voru unnar samkvæmt sóttvarnarreglugerðum á hverjum tíma og í samstarfi við önnur hjúkrunarheimili landsins. Þessar takmarkanir höfðu áhrif á íbúa hjúkrunarsambýlisins, en flestir gátu nýtt sér tækni til að sjá sína nánustu. Teymis- og fjölskyldufundir fóru að miklu leyti fram í tölvu og síma að teknu tilliti til sóttvarna og féllu fjölskyldufundir niður að mestu af sömu orsökum.

Markmið sérhæfðrar dagþjálfunar er að viðhalda og auka færni einstaklinga, auk þess sem fylgst er með almennu heilsufari þeirra og líðan. Aðstandendur þeirra sem eru í dagþjálfun fá stuðning og njóta t.a.m. aðstoðar við gerð umsókna um færni- og heilsumat og hvíldarinnlagnir. Biðlisti í dagþjálfun Roðasala er sameiginlegur með öllum sérhæfðum dagþjálfunum á höfuðborgarsvæðinu og heldur starfsmaður á Landakoti utan um hann. Öldrunarlæknir á Landakoti sækir um sérhæfða dagþjálfun í samráði við skjólstæðing og aðstandendur eftir öldrunarmat á minnismóttöku.

Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á starfsemi dagþjálfunar í Roðasölum. Samþykkt pláss eru 20, en vegna fjöldatakmakana gátu mun færri nýtt sér hefðbundna þjónustu úrræðisins á árinu. Notendum var skipt í hópa þannig að allir fengu þjónustu, sumir í Roðasölum, en aðrir heima við og var þjónusta veitt eftir þjónustupörfum. Starfsmaður í innlitum sem færður var í Roðasali árið 2019 sinnti heimavitjunum en aðrir starfsmenn hringdu daglega í þá notendur sem ekki fengu þjónustu þann daginn. Að meðaltali nýttu 14 einstaklingar

sér úrræðið í hverjum mánuði og var nýtingin því tæplega 75%. Ekki var unnt að taka nýja notendur inn í dagþjálfunina á meðan faraldurinn geisaði og ekki var búið að bólusetja notendur eða starfsfólk og lengdist biðlistinn því á árinu, úr 23 í árslok 2019 í 36 við lok ársins 2020.

SAMSTARFS-VERKEFNI

Á vormánuðum auglýsti félags- og barnamálaráðuneytið styrk til sveitarfélaga til þess að efla félagsstarf aldraðra yfir sumarmánuðina í kjölfar Covid-19. Hægt var að sækja um fjárframlag að upphæð 1.600 kr. fyrir hvern bæjarbúa 67 ára og eldri og sóttu velferðar- og menntasvið sameiginlega um og fengu úthlutað 7,6 milljónum króna. Að viðbættum ráðningarstyrk Vinnuálastofnunar voru sex starfsmenn ráðnir til að sinna verkefninu, sem unnið var á tímabilinu júní til ágúst. Starfsmenn fengu fræðslu og handleiðslu frá starfsmönnum þjónustu- og ráðgjafardeildar aldraðra en verkefninu var stýrt af frístundaeild. Hringt var í 382 aldraða notendur félagslegrar heimahjúkrunar og þeim boðnar heimsóknir eða vikuleg símtöl, sett var upp dagskrá í öllum félagsmiðstöðvum eldri borgara og farið var í ferðir. Þjónustan var öll íbúum að kostnaðarlausu. Lagðir voru spurningalistar fyrir þátttakendur við upphaf og lok verkefnisins og bentu niðurstöður til almennrar ánægju með verkefnið og aukinnar félagslegrar virkni þátttakenda.

Þann 1. október hófst verkefnið Virkni og vellíðan, sem er hluti af heilsuefingu eldri borgara í Kópavogi. Verkefnið er unnið í samstarfi Kópavogsbæjar, UMSK og þriggja stærstu íþróttafélaganna í Kópavogi; Gerplu, Breiðabliks og HK. Einnig munu meistaranemar í Háskólanum í Reykjavík sinna ástands- og árangursmælingum. Til stóð að bjóða upp á fjölbreytt íþróttanámskeið auk áherslu á félagslega samveru og virkni, en vegna samkomutakmarkana var verkefnið ekki enn

komið af stað í árslok. Notendum Digi Rehab mun bjóðast þátttaka í verkefninu að loknum 12 vikum í heimaþjálfun og þannig mun líkamleg færni þeirra halda áfram að styrkjast, auk þess sem félagsleg virkni eykst samhliða.

Samstarfshópur velferðarsviðs, menntasviðs, Félags eldri borgara í Kópavogi, Rauða krossins, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Þjóðkirkjunnar um málefni aldraðra hefur undanfarin ár hist reglulega til að miðla upplýsingum og tryggja tengsl sín á milli. Hópurinn hefur staðið fyrir árlegum kynningum á þeirri þjónustu sem stendur öldruðum til boða í bæjarfélaginu auk þess að gefa út bækling með sömu upplýsingum. Vegna aðstæðna varð ekkert af slíkum kynningum á árinu, en vilji er til að taka upp þráðinn að nýju um leið og aðstæður leyfa.

DAGDVALIR

Í bæjarfélaginu eru þrjár dagdvalir fyrir aldraða Kópavogsbúa. Dagdvalarrými eru 80 og þar af eru 26 svokölluð sérhæfð dagþjálfunarrými, sem ætluð eru einstaklingum með heilabilun. Í Roðasölum eru 20 rými, 30 í Sunnuhlíð og 30 í Hrafnistu Boðabíngi. Öll dagdvöl í Roðasölum er ætluð einstaklingum með heilabilun og sex af rýmum í Sunnuhlíð. Dagdvalarrýmin eru öll ætluð Kópavogsbúum.

Í árslok voru 143 Kópavogsbúar skráðir í dagdvöl í bæjarfélaginu, en 100 voru á biðlista eftir úrræðinu. Í Roðasölum nýtir meirihluti notenda þjónustuna alla virka daga, en í Boðabíngi og Sunnuhlíð er boðið upp á pláss frá einum degi í viku en flestir nýta þjónustuna í tvo til fjóra daga í viku.

36 einstaklingar biðu í árslok eftir sérhæfðu dagþjálfunarræði fyrir einstaklinga með heilabilun í Roðasölum, 33 einstaklingar voru á biðlista í Sunnuhlíð í lok árs, þar af fimm sem biðu eftir sérhæfðu úrræði og 31 beið eftir pláss í Boðabíngi.

Tafla 5.2. sýnir samanburð á milli áronna 2019 og 2020.

Einstaklingar eða aðstandendur þeirra sækja sjálfir um dagdvalarrými í Sunnuhlíð og Boðabíngi. Ekki er haldið miðlægt utan um þá lista heldur sér hvor forstöðumaður fyrir sig um biðlista í viðkomandi dagdvöl. Samráð er þó á milli stofnana og því eru ekki margir einstaklingar á báðum biðlistum. Tekið er inn af biðlistum í Boðabíngi og Sunnuhlíð eftir aldri umsókna, búsetu einstaklings, óskum um dagafjölda og færni. Taka þarf tillit til þess þegar horft er á biðlistatölur að ekki liggja fyrir tölur um hversu margir biða eftir aukningu á fjölda daga í vistun.

HJÚKRUNARRÝMI

Í bæjarfélaginu eru þrjú hjúkrunarheimili með samtals 120 hjúkrunarrými og fimm hvíldarrými. Í árslok voru 75 á biðlista eftir úrræðinu, en eins og tafla 5.3. sýnir hélst fjöldi einstaklinga sem óska eftir rými á heimilunum nokkuð svipaður á milli ára.

Einstaklingar sem óska eftir rými á hjúkrunarheimili þurfa að undirgangast færni- og heilsumat þar sem lagt er mat á þörf fyrir varanlegt búsetuúrræði á hjúkrunarheimili. Í lok ársins var 51 Kópavogsbúi á biðlista eftir hjúkrunarrými, sem er nær sami fjöldi og árið áður. Þeir einstaklingar eru metnir ófærir um að búa heima út frá heilsufari, getu

Tafla 5.3. Hjúkrunarrými í Kópavogi

Hjúkrunarheimili	Fjöldi hjúkrunarrýma	Fjöldi hvíldarrýma	Biðlisti 2019	Biðlisti 2020
Boðabíng Hrafnista	44	0	42	47
Sunnuhlíð	66	4	28	18
Roðasalur	10	1	8	10
Samtals	120	5	78	75

til að sinna athöfnum daglegs lífs, félagslegum aðstæðum og andlegu ástandi. Hluti þeirra bíður á heilbrigðisstofnun en aðrir búa enn heima með miklum stuðningi aðstandenda og fagaðila.

Einstaklingar fá að jöfnu ekki samþykkt færni- og heilsumat nema öll þjónusta teljist fullnýtt, þ.e. að viðkomandi hafi gengist undir heildstætt öldrunarmat, félagsleg heimaþjónusta sé fullnýtt, viðkomandi fái heimahjúkrun, sé í dagdvöl og að faglegt mat liggja fyrir þess efnis að einstaklingur sé orðinn ófær um að halda eigin heimili. Eftir að færni- og heilsumat hefur verið staðfest getur einstaklingur óskað eftir pláss hvar sem er á landinu, óháð búsetu. Hægt er að velja nokkur hjúkrunarheimili og eru því mögulega sömu einstaklingar á biðlistum úrræðanna. Miðgildi biðtíma eftir hjúkrunarrými eftir að einstaklingur kemst á biðlista er 92 dagar.

Tafla 5.2. Dagdvalarrými í bæjarfélaginu

Dagdvöl	2019			2020		
	Rými	Skráðir	Biðlisti	Rými	Skráðir	Biðlisti
Boðabíng	30	59	50	30	58	31
Roðasalur	20	24	23	20	21	36
Sunnuhlíð	30	62	22	30	64	33
Samtals	80	145	95	80	143	100



Á almennri skrifstofu eru 7 starfsmenn í 7 stöðugildum.

Deildarstjóri er Atli Sturluson.

VERKSVIÐ

Almenn skrifstofa er stöðdeild innan velferðarsviðs sem annast afgreiðslu stofnunarinnar, eftir atvikum fjárhagslega umsýslu fyrir deildir sviðsins, fjárhagsáætlanagerð og eftirlit með kostnaðaráætlun.

Deildin annast meðal annars greiðslur styrkja og lána, hefur eftirlit með innheimtu lána sem veitt eru af velferðarsviði og sér um tímaskráningu og kostnaðareftirlit vegna liðveitenda og tilsjónarmanna. Þá annast deildin um samstarf við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun vegna greiðslna og umsýslu sérstaks húsnæðisstuðnings, stofnun krafna vegna húsaleigu í búsetuúrræðum, heimilishjálpar og ferðaþjónustu.

Skrifstofan tók við allri umsýslu ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra af þjónustudeild fatlaðra um mitt ár og var eitt stöðugildi fært inn í deildina til að sinna því hlutverki.

Skrifstofan hefur auk þess eftirlit með innra bókhaldi velferðarsviðs og afstemmingum ásamt bókhaldi heimilissjóða búsetuúrræða ásamt því að yfirfara og staðfesta uppgjör Örva starfsþjálfunar.

Skrifstofan annast einnig alla almenna ritaraþjónustu, umsjón með innkaupum rekstrarvara, símaþjónustu og umsjón með tölvu- og hugbúnaðarmálum stofnunarinnar í samvinnu við upplýsingatæknideild bæjarins. Að auki heldur skrifstofan utan um skil á tölfraðilegum upplýsingum til Hagstofu Íslands og stjórnsýslusviðs Kópavogsbæjar í samvinnu við aðra deildarstjóra velferðarsviðs.

SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR

Lög um húsaleigubætur féllu úr gildi í árslok 2016 og við tóku lög um almennan húsnæðisstuðning. Í ársbyrjun 2017 hóf Kópavogsbær að greiða sérstakan húsnæðisstuðnings. Stuðst var að hluta við leiðbeinandi reglur velferðarráðuneytis við útfærslu reglna.

Í ársbyrjun 2019 var gerður samstarfssamningur við Íbúðalánasjóð sem tók að sér umsýslu og greiðslu á sérstökum húsnæðisstuðningi til leigjenda á almennum leigumarkaði.

Í maímánuði á árinu 2020 var gerð grundvallarbreyting á fyrirkomulagi útreiknings á leigu í félagslegum leiguíbúðum þar sem byrjað var að miða við fast grunn gjald og við það bættist svo fermetraverð. Þannig tekur leiguverðið mið af stærð íbúða. Þá var jafnhliða tekin upp greiðsla á sérstökum húsnæðisstuðningi til að létta greiðslubyrði tekjulægri leigjenda.

Greiddur var út sérstakur húsnæðisstuðningur upp á tæplega 284,4 milljónir á árinu. Þar af fengu leigjendur á almennum markaði 207,6 milljónir en leigjendur á félagslega markaðinum 77 milljónir.

Í lok árs fengu að jafnaði rúmlega 1 þúsund heimili sérstakan húsnæðisstuðning á mánuði. Skiptingin var 69% á almennum leigumarkaði og 31% í félagslega leigumarkaðinum.



